

**GUÐRÚN HELGA SIGURÐARDÓTTIR**

*Göngur og útivist lengi verið eftirlætisiðja*

• ferðir

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

**DRAGGKEPPNI ÍSLANDS**

*Glimmerbomba og baðföt*

Níu keppendur berjast um titlana.

FÓLK 20



**GUÐMUNDUR INGI ÞORVALDSSON**

*Heim með SHUNT-sýningu*

Leikur í sýningu Mischas Twitchin í Batteríinu.

FÓLK 26




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. ágúst 2009 — 183. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Ný brjóstmynd af fyrsta formanninum



Knattspyrnufélagið Þróttur á 60 ára afmæli í dag.

TÍMAMÓT 16

### Sigurður um lánaskýrslu

Sigurður Einarsson segir að lánaskýrsla Kaupþings sýni að heildarútlán bankans hafi verið undir lögboðnu hámarki. Stór lán hafi ekki verið veitt viðskiptavinum rétt fyrir hrun.

UMRÆÐAN 14

### Þjóðlegt kaffihús við höfnina



Víkin - safnkaffihús býður upp á séríslenskt góðgæti.

FÓLK 26

### Gervigrasið hjálpar



Stjarnan í Garðabæ er alls ekki eina liðið á Norðurlöndunum sem hagnast á því að leika á gervigrasi.

ÍÞRÓTTIR 22

### VEÐRIÐ Í DAG




**RIGNING Í FYRSTU** Í dag verða austan 3-10 en hvassara síðdegis við suður og suðausturströndina. Rigning eða skúrir í fyrstu en úrkomulítið um miðjan dag. Rigning suðaustan til undir kvöld. Hlýtt.

VEÐUR 4

# Fólksflótti er hættulegastur

**Skuldabyrði landsmanna af Icesave-láninu mun þyngjast mikið ef margir flýja land. Það er mesta hættan sem fylgir samningunum, að mati Hagfræðistofnunar. Álitið breytir ekki myndinni, segir fjármálaráðherra.**

**EFNAHAGSMÁL** Mesta hættan við Icesave-samningana liggur í því hversu mjög skuldabyrði landsmanna mun þyngjast ef fólk flýr land í stórum stíl. Þetta er meðal þess sem fram kemur í áliti Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um Icesave-skuldbindingarnar, sem kynnt var fjárlaganefnd í gær.

Trúlegt er að margir Íslendingar flytji úr landi á næstu árum, þótt erfitt sé að leggja mat á fjöldann fyrirfram, segir í álitinu, en ekki er líklegt að Icesave-skuldbindingarnar sem slíkar hafi mikil áhrif þar á.

Í álitinu kemur fram nokkur gagnrýni bæði á álit Seðlabanka Íslands á sama máli og greinargerð fjármálaráðuneytisins. Umfjöllun um ýmsa óvissuþætti vanti, að miklu leyti sé horft fram hjá þeim neikvæðu áhrifum sem Icesave-skuldbindingarnar geta haft á hagvöxt og ekki sé lagt kerfisbundið mat á áhættuþætti.

„Þetta hnekkir ekki í neinum atriðum heildarmyndinni sem hefur legið fyrir, heldur þvert á móti staðfestir hana,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.

Umfjöllun um hugsanlegan fólksflótta sé til dæmis ekki ný af nálinni, og vitanlega myndi hann þyngja róðurinn fyrir þá sem eftir sætu. „Það er eitthvað sem allir hafa vitað og oft hefur verið rætt um. Það tengist ekki bara Icesave heldur almennt þessu áfalli;“ segir Steingrímur.

Fram kemur í álitinu að greiðslubyrði af Icesave-láninu myndi velta á því hversu greitt aðgengi íslensk stjórnvöld hefðu að erlendu lánsfé á endurgreiðslutímanum. Greiðslubyrðin yrði þung ef aðgengi að lánsfé yrði erfitt.

„Einhverjir myndu nú draga þá ályktun í beinu framhaldi að þar væru komin sterk rök fyrir því að þetta Icesave-mál þyrfti að vera með einhverjum hætti úr úr heiminum,“ segir Steingrímur. „Það sé ein af grunnforsendum þess að Ísland öðlist traust og trúverðugleika á fjármálamörkuðum að leysa slík deilumál.

Þótt viðbúið sé að álitið seinki afgreiðslu fjárlaganefndar á frumvarpinu um ríkisábyrgð vegna Icesave, segist Guðbjartur Hannesson, formaður nefndarinnar, enn vonast til þess að frumvarpið verði afgreitt úr nefnd í vikunni. Enn sé allt óvíst hvort tekst að ná þverpólitískri sátt um málið. - sh



**MERKAR MINJAR** Stjórn menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, bætti handritasafni Árna Magnússonar, í sérstaka varðveisluskrá sína á föstudag. Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar, segir þetta gleðileg tíðindi sem staðfesti mikilvægi safnsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Handrit Árna Magnússonar:

## Með merkustu minjum heims

**MENNING** „Með þessu er UNESCO að segja að handritin séu minjar sem ber að hlúa sérstaklega vel að og séu verðmæti á heimsvísu en ekki bara á afmörkuðu svæði,“ segir Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar.

Stjórn menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, bætti handritasafni Árna Magnússonar, auk 34 annarra menningarminja, í sérstaka varðveisluskrá sína á föstudag. Handritasafnið var tilnefnt í varðveisluskrána af hálfu ríkisstjórnar Íslands og Danmerkur í fyrra, þar sem hluti safnsins er varðveittur í Danmörku.

„Þessi viðurkenning skapar okkur sóknarfæri til að kynna safnið með mun markvissari hætti erlendis en setur okkur líka þær skyldur á herðar að búa eins vel að handritunum og við getum, eins og við höfum reynt að gera, og miðla þeim og varðveita eins og best verður á kosið.“

- bs/kg sjá síðu 4

Bjarni Benediktsson segir alvarlegt mál að lánabók Kaupþings hafi verið birt:

## Við viljum ekki villta vestrið

**VIÐSKIPTI** Þótt upplýsingarnar sem fram koma í lánabók Kaupþings séu mikilvægar og eigi erindi í umræðuna er leki hennar alvarlegt mál, segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins. Hann gagnrýnir ummæli ráðamanna um málið síðustu daga.

„Það getur aldrei verið ásættanlegt að menn brjóti lög og mér finnst óskiljanlegt með öllu að menn séu að bera í bætifláka fyrir það þegar slíkt gerist,“ segir Bjarni.

„Við viljum ekki að hérna verði hlutirnir bara eins og í villta vestrinu þar sem er í lagi að fara á svig við lög og reglur,“ segir hann.



**BJARNI BENEDIKTSSON**

Rætt var um málið á ríkisstjórnarfundi í gærmorgun og þar boðaði Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra breytingar á lögum um bankaleynd.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra kallaði lánveitingar Kaupþings siðlausar og lögbannskröfu bankans á hendur fréttastofu RÚV fráleita.

- sh , - bþa / sjá síðu 6










## SPURNING DAGSINS



*Gísli, var þetta mikið hvalræði?*

„Nei, þetta var líkamlega erfitt en ánægjulegt.“

Gísli H. Friðgeirsson reri í fylgd hvala og sjófugla í kajakferð sinni hringinn í kringum landið sem lauk á sunnudag.

Atvinnuleysisbætur voru greiddar út til rúmlega 15 þúsund manns í gær:

# Færri fá bætur yfir sumarið

**FÉLAGSMÁL** Vinnumálastofnun greiddi rúmlega fimmtán þúsund einstaklingum rúmlega 1,7 milljarða króna í atvinnuleysisbætur nú um mánaðamótin að sögn Líneyjar Árnadóttur, forstöðumanns greiðslustofu Vinnumálastofnunar.

Svipaður fjöldi fólks fékk greiddar atvinnuleysisbætur um síðustu mánaðamót, en þá voru rúmir 1,9 milljarðar greiddir út. Fyrir maímánuð voru 2,3 milljarðar greiddir til ríflega 16 þúsund einstaklinga. Um töluverða fækkun er því að ræða yfir sumarmánuðina.

Nauðsynlegt er að staðfesta atvinnuleysi við Vinnumálastofnun fyrir hver mánaðamót til þess að fá greitt. „Ég held hreinlega að yfir hásumarið séu fleiri sem hafa gleymt að staðfesta sig,“ segir Líney. Hún segir að venjulega sé það svo að um 600 manns afskráist um hver mánaðamót. Það sé ýmist vegna þess að þeir fái vinnu eða gleymi að skrá sig. „Við greiðum aðalgreiðslurnar fyrsta virka dag mánaðarins en reynum að greiða á hverjum degi næstu fimm daga þar á eftir til þeirra sem gleymdu að staðfesta sig en eru að gera það fram til þriðja virka dags hvers mánaðar.“ Tölur um útborgarnir séu því alltaf lægri um mánaðamótin en raunin verði svo fyrir hvern mánuð. **- þeb**



**VINNUMÁLASTOFNUN** Rúmlega 15 þúsund manns fengu greiddar atvinnuleysisbætur um mánaðamótin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Töluvert tjón vegna reyks:

# Eldur í Efnalauginni Björgu

**SLÖKKVILIÐ** Töluvert tjón varð þegar eldur kom upp í efnalauginni Björgu um kvöldmatarleytið í gærkvöldi. Húsið var mannlaust þegar eldurinn kom upp.

Að sögn vaktstjóra hjá slökkviliðinu er talið að rekja megi eldinn til þurrkara í efnalauginni. Í honum var verið að þurrka fatnað frá veitingahúsum. Eldurinn sem braust út var ekki mikill. Skemmdirnar hlutust að megninu til vegna mikils svarts reyks sem fylgdi eldinum.

Tveir dælubílar og körfubíll voru sendir á staðinn auk tveggja sjúkrabíla. Slökkvistarf tók um tuttugu mínútur og gekk vel. **- kg**

Annir hjá lögreglu:

# Fjórir árekstrar á stuttum tíma

**LÖGREGLUMÁL Fjórir harðir árekstrar urðu á tveggja og hálfs klukkustundar löngu tímabili í Reykjavík í gær.**

**Þrír bílar rákust saman á gatnamótum Háleitisbrautar og Miklubrautar laust fyrir klukkan 17. Talið var að einn ökumaður hefði rifbeinsbrotnað og var hann fluttur á slysadeild. Um svipað leyti varð umferðarslys á mótum Laugavegs og Kringlumýrarbrautar. Ekki var tilkynnt um slys á fólki.**

**Aftanákeyrsla varð á umferðarljósum á Sæbraut um sexleytið. Farþegi í bílnum sem keyrt var á var fluttur á slysadeild. Þá rákust tveir bílar saman í Mjóddinni laust fyrir klukkan hálf átta. Ökumenn beggja bílanna voru fluttir á slysadeild. Ekki var vitað um alvarleika meiðsla í gærkvöldi. - kg**

InDefence snýr vörn í sókn:

# Kynna málstað Íslands erlendis

**EFNAHAGSMÁL** „Reynslan sýnir að með samstilltu átaki og markvissri vinnu getum við náð eyrum alþjóðasamfélagsins,“ segir í fréttatilkynningu frá InDefence-hópnum. Í tilkynningu samtakanna segir að ljóst sé að Icesave-samningurinn verði afgreiddur á næstu dögum. Hver svo sem niðurstaða Alþingis verði sé nauðsynlegt að Íslendingar sameinist um að kynna málstað sinn vel fyrir erlendum fjölmiðlum.

Af þessum sökum óskar InDefence hópurinn eftir liðsinni Íslendinga sem telja sig hafa tengsl eða þekkingu sem nýst gætu, svo sem tengsl við erlenda fjölmiðla og gott vald á tungumálum á borð við hollensku og þýsku. Áhugasamir eru beðnir um að senda tölvupóst á info@indefence.is.

# Lausar úr haldi eftir heimsókn Clintons

**Tvær bandarískar blaðakonur voru leystar úr haldi í Norður-Kóreu í gær eftir óvæntan fund Bills Clinton, fyrrum Bandaríkjaforseta, og Kim Jong Il. leiðtoga kommúnistastjórnarinnar. Vonast er til að samskipti ríkjanna batni.**

**NORÐUR-KÓREA, AP** Bandarísku blaðakonurnar Laura Ling og Euna Lee voru náðaðar og leystar úr haldi eftir óvænta heimsókn Bills Clinton, fyrrverandi Bandaríkjaforseta, til Norður-Kóreu í gær.

Blaðakonurnar, sem báðar eru á fertugsaldri, hafa starfað fyrir bandaríska fjölmiðlafyrirtækið Current TV, sem er í eigu Als Gore, fyrrverandi varaforseta Clintons. Þær voru handteknar þegar þær héldu í óleyfi yfir landamærin til Norður-Kóreu frá Kína í mars síðastliðnum. Þær voru ákærðar fyrir „fjandsamlega tilburði“ og voru í júní dæmdar til tólf ára vistar í ströngum vinnubúðum.

Clinton hitti meðal annarra Kim Jong Il, leiðtoga kommúnistastjórnar landsins. Ríkisrekna fréttastofan KCNA sagði í gær að „Clinton hefði beðið Jong Il innilegrar afsökunar á fjandsamlegri hegðun bandarísku blaðakvennanna eftir að þær fóru ólöglega inn í landið.“ Fréttastofan sagði einnig frá því að á fundinum hefðu Clinton og Jong Il rætt ítarlega um samskipti þjóðanna tveggja og náð samkomulagi um leiðir til að bæta þau.

Norður-Kóreumenn fögnuðu Bill Clinton með blómum og hlýjum handtökum þegar hann birtist skyndilega á flugvelli höfuðborgarinnar Pjongjang í gær í ómerktri einkaþotu. Vonast er til að ferð Clintons geti brotið ísinn í samskiptum Bandaríkjanna og Norður-Kóreu sem hafa verið stirð undanfarið, eins og reyndar oftast nær þá rúmu sex áratugi sem Norður-Kórea hefur verið sjálfstætt ríki.



**KIM JONG IL OG BILL CLINTON** Einungis einu sinni áður hefur fyrrverandi Bandaríkjaforseti lagt leið sína til Norður-Kóreu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tortryggnar raddir telja þó líklegra að heimsókn Clintons verði aðeins til að efla Kim Jong Il, hinn sérstæða leiðtoga kommúnistastjórnar landsins.

Engin opinber samskipti eru á milli ríkjanna, en talið er að embættismenn beggja ríkja hafi á bak við tjöldin unnið að samkomulagi um að konurnar verði látnar lausar.

Þetta er fyrsta ferð Clintons til Norður-Kóreu, en meðan hann var forseti voru samskipti ríkjanna vinsamlegri en bæði áður og síðar. Talið var að annaðhvort Al Gore eða Bill Richardson, ríkisstjóri Nýju-Mexíkó, færi til Norður-Kóreu að tryggja lausn kvennanna, en á óvart kom að Clinton fór.

Enginn Bandaríkjaforseti hefur farið í opinbera heimsókn til Norður-Kóreu, en áður hefur Jimmy Carter farið til landsins eftir að hann lét af embætti. Carter hitti Kim Il Sung, föður Kim Jong Il, í heimsókn sinni árið 1994 þegar spenna milli ríkjanna var mikil, rétt eins og nú.

gudsteinn@frettabladid.is
kjartan@frettabladid.is



**Á NETINU** Þriðjungur þeirra sem notar ekki netið segist ekki þurfa á því að halda. FRÉTATBLAÐIÐ/E. ÓL

Könnun Evrópusambandsins:

# Þriðjungur aldrei notað internetið

**TÖLVUR** Einn af hverjum þremur hefur aldrei notað internetið, samkvæmt könnun sem gerð var á vegum Evrópusambandsins. Frá þessu er greint á fréttavef BBC.

Í könnuninni var tölvunotkun íbúa Evrópusambandslandanna á síðustu fimm árum mæld. Niðurstöður könnunarinnar sýna einnig fram á að rúmlega einn af hverjum fjórum íbúum landanna hefur aldrei notað tölvu.

Rúmlega einn af hverjum þremur þeirra sem ekki hafa notað internetið gáfu upp þá ástæðu að þeir þyrftu ekki á netinu að halda. Um 25 prósent þeirra sögðust ekki hafa efni á nettengingu. **- kg**

## TÆLAND

### Banaslys í lendingu

Flugstjóri lést og nokkrir farþegar slösuðust þegar farþegaflugvél frá Bangkok Airways hlekktist á í lendingu í gærmorgun á flugvelli á eyjunni Koh Samui við Tæland sem vinsæl er á meðal ferðamanna. Atvik eru enn óljós en vitni segja að flugvélin hafi rekist á flugturn á vellinum sem var mannlaus. Um sjötíu manns voru um borð í vélinni.




Milli 40 og 70 Íslendingar fylgjast með leikjum kvennalandsliðsins í Finnlandi:

# Hefðu mátt seljast fleiri miðar

**ÍÞRÓTTIR** „Þetta er í fyrsta skipti sem íslenskt landslið kemst í lokakeppni stórmóts og því hefðu nú fleiri miðar mátt seljast. En svona er þetta bara, það er auðvitað kreppa og margir sem halda að sér höndum. Leikirnir verða líka sýndir í sjónvarpinu hér heima,“ segir Ragnheiður Elíasdóttir, ritari hjá Knattspyrnusambandi Íslands (KSÍ). Sambandið hefur selt á bilinu fjörutíu til sjötíu miða á hvern leik íslenska kvennalandsliðsins í riðlakeppni úrslitakeppni Evrópumótsins, sem hefst í Finnlandi hinn 24. ágúst næstkomandi.

Að sögn Ragnheiðar samanstendur hópurinn sem festi kaup á miðum á leikina í riðlakeppninni mikið til af fjölskyldum landsliðskvennanna. „En það er líka nokkuð um að fyrrverandi landsliðskonur ætla að skella sér til Finnlands með dætrum sínum, og það er gaman að því. Svo er auðvitað alltaf einn og einn sem ætlar að fara vegna einskærs áhuga, en þeir mættu vera fleiri.“

Ef svo fer að landsliðið komist upp úr riðli sínum á mótinu mun KSÍ bjóða upp á miða á leiki í útsláttarkeppninni. „Ég er viss um að þeir miðar muni rjúka út. Við Íslendingar erum svolítið þannig að við lifnum við þegar vel gengur,“ segir Ragnheiður.



**LANDSLIÐIÐ** Fjölskyldur landsliðskvennanna verða áberandi á áhorfendapöllunum í Finnlandi í lok mánaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari kvennalandsliðsins, tilkynnir 22 manna leikhópinn fyrir Evrópumótið á blaðamannafundi í hádeginu í dag. **- kg**

# 10 daga

verðsprengja

Ljós · Flísar · Blöndunartæki · Hreinlætistæki · Handklæðaofnar:

# SPRENGJA

15–30% afsláttur af öllum blöndunartækjum

30% afsláttur af öllum ljósum

15–30% afsláttur af öllum flísum

enn meiri afsláttur af völdum vörum!

20% afsláttur af öllum hreinlætis-tækjum

25% afsláttur af öllum handklæðaofnum

BYKO

EXPO · www.expo.is

## GENGIÐ 04.08.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,19 | 125,79 |
| Sterlingspund | 212,03 | 213,07 |
| Evra | 180,18 | 181,18 |
| Dönsk króna | 24,196 | 24,338 |
| Norsk króna | 20,687 | 20,809 |
| Sænsk króna | 17,481 | 17,583 |
| Japanskt jen | 1,3209 | 1,3287 |
| SDR | 196,37 | 197,55 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
234,0354

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Spenna í Suður-Ossetíu:

# Rússlandsher í viðbragðsstöðu

**RÚSSLAND, AP** Rússneskir hermenn voru í gær í viðbragðsstöðu í héraðinu Suður-Ossetíu við landamæri Georgíu. Vaxandi spenna er á landamærunum.

Undanfarna daga hafa aðskilnaðarsinnar í Suður-Ossetíu og stjórnvöld í Georgíu skipst á ásökunum um að hafa hleypt af byssum og skotið sprengjum.

Á föstudaginn verður ár liðið frá því að nokkurra vikna stríð Georgíu og Rússlands hófst í fyrra. Rússar komu þá Suður-Ossetíu til aðstoðar og náðu héraðinu á vald sitt. **- gb**



**FLÓTTAMANNABÚÐIR Í TSKHINVALÍ** Enn búa flóttamenn í tjöldum í höfuðborg Suður-Ossetíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Reykjavík um helgina:

# Á fimmta tug innbrota kærð

**LÖGREGLUMÁL Á fimmta tug innbrota og þjófnaða voru kærð til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um helgina. Er það talsvert meira en undanfarnar verslunarmannahelgar. Meðal annars var brotist inn í fyrirtæki, íbúðarhúsnæði, sumarhús og bíla.**

**Ekki liggur fyrir hversu miklum verðmætum var stolið né hversu miklu tjóni þjófar ollu við að brjótast inn. Lögregla var fáliðaðri á höfuðborgarsvæðinu en verið hefur um verslunarmannahelgar undanfarin ár.**

**Nokkrir hafa verið handteknir, grunaðir um aðild að innbrotum. - kg**



**DALAÍ LAMA** Finnur fyrir meiri skilningi í Kína á málstað Tíbeta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dalaí Lama bjartsýnn:

# Segir stuðning í Kína vaxandi

**SVISS, AP** Dalaí Lama, leiðtogi Tíbeta, segist hafa orðið var við það að meðal Kínverja fari stuðningur við málstað Tíbeta vaxandi.

Hann segir bæði menntafólk og alþýðu í Kína sýna meiri skilning gagnvart stöðu Tíbeta og í einkasamtölum hafi jafnvel kínverskir embættismenn sagt sér að þeir hefðu áhyggjur af Tíbet.

Þetta sagði hann á blaðamannafundi í Sviss þar sem hann heldur tveggja daga fyrirlestranámskeið um búddisma. Hann segir að senda þurfi alþjóðlegt rannsóknarlið til Tíbets vegna átakanna þar á síðasta ári. **- gb**

## ATHUGASEMD

Vegna fréttar af lánveitingum Kaupþings til Skúla Þorvaldssonar athafnamanns skal tekið fram að Skúli tengist ekki rekstri Hótels Holts og hefur ekki gert frá árinu 2003.

# Handritin með merkustu minjum heims

**Handrit Árna Magnússonar hafa verið skráð á heimslista UNESCO yfir verðmætustu menningarminjar heims. Forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar segir þetta staðfesta mikilvægi safnsins og vekja á því athygli um allan heim.**

**MENNING** Stjórn menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, bætti handritasafni Árna Magnússonar, auk 34 annarra menningarminja á sérstaka varðveisluskrá sína á föstudag. Handritasafnið var tilnefnt í varðveisluskrána af hálfu ríkisstjórnar Íslands og Danmerkur í fyrra, þar sem hluti safnsins er varðveitt í Danmörku.

Í rökstuðningi UNESCO segir að safnið geymi ómetanleg handrit um sögu og menningu Norðurlanda, og raunar stórs hluta Evrópu, allt frá miðöldum til nýaldar.

Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar, segir þetta gleðileg tíðindi sem staðfesti mikilvægi safnsins og veki á því athygli á erlendum vettvangi.

„Með þessu er UNESCO að segja að handritin séu minjar sem ber að hlúa sérstaklega vel að og séu verðmæti á heimsvísu en ekki bara á afmörkuðu svæði," segir Guðrún. „Þessi viðurkenning skapar okkur sóknarfæri til að kynna safnið með mun markvissari hætti erlendis en setur okkur líka skyldur á herðar að búa eins vel að handritunum og við getum, eins og við höfum reynt að gera, og miðla þeim og varðveita eins og best er á kosið."

Guðrún segir að næsta verkefni verði að bæta húsakost Árnastofnunar, sem hefur verið á víð og dreif hingað til.

„Það eru áform að byggja yfir Árnastofnun og koma henni í betra húsnæði sem gerir okkur kleift að sýna handritin með veglegri og nútímalegri hætti en húsakostur hefur leyft okkur hingað til og auka þannig aðgengið að þessum mikla menningararfi." Þá er unnið að því að koma handritunum yfir á stafrænt form svo hægt verði að skoða þau á netinu í framtíðinni. „Í kjölfarið verðum við síðan að fylgja þessari viðurkenningu eftir og það verður spennandi verkefni," segir Guðrún. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra lýsti í gær yfir sérstakri ánægju með þessi tíðindi. **bergsteinn@frettabladid.is**



**ÁRNAGARÐUR** Forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar segir viðurkenningu UNESCO staðfesta að handritin séu verðmæti á heimsvísu, sem beri að hlúa að, varðveita og miðla af kostgæfni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### HANDRITIN Á HEIMSLISTA UNESCO

Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, hefur frá 1997 haldið skrá yfir minjar sem þykja hafa sérstakt varðveislugildi fyrir andlegan menningararf mannkyns og nefnist „Memory of the World", eða „Minni heimsins". Nú eru 193 minjar í skránni. Handritasafn Árna Magnússonar er fyrsta íslenska minjarnar til að komast í varðveisluskrána.

Handritasafn Árna Magnússonar geymir um þrjú þúsund handrit frá miðöldum og síðari öldum. Það er varðveitt hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í Reykjavík og í Árnasafni í Kaupmannahöfn.

Meðal verka sem bætt var í varðveisluskrá UNESCO á föstudag voru dagbækur Önnu Frank og enski lagabálkurinn Magna Carta.



**TEKINN** Jónas Ingi hlaut fyrir fjórum árum dóm í líkfundarmálinu svokallaða.

Neita fíkniefnaframleiðslu:

# Verjendur skila greinargerðum

**DÓMSMÁL** Mál Jónasar Inga Ragnarssonar og Tinds Jónssonar, sem ákærðir eru fyrir að ætla að framleiða amfetamín í iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði, var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Þar skiluðu verjendur greinargerðum þar sem afstaða sakborninganna tveggja til sakarefnisins var skýrð.

Verksmiðjan í Hafnarfirði var ein sú fullkomnasta sem sérfræðingur Interpol hefur komist í kynni við. Þar fundust upphafsefni sem dugað hefðu til að framleiða ríflega 350 kíló af amfetamíni. Báðir mennirnir neita hins vegar að hafa ætlað að framleiða í verksmiðjunni amfetamín. **- sh**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Þrjár á neyðarmóttöku

Þrjár ungar stúlkur leituðu sér aðstoðar á neyðarmóttöku nauðgana um og eftir verslunarmannahelgina vegna nauðgunar eða tilraunar til nauðgunar. Tvö tilfellanna áttu sér stað innan borgarmarkanna en eitt úti á landi.

### 25 fíkniefnamál í Eyjum

Alls komu um 25 fíkniefnamál upp á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum um helgina. Í flestum tilfellum var lagt hald á amfetamín í þessum málum. Tíu líkamsárásir voru kærðar.




## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**VÆTUTÍÐ**
Eftir afar þurran júlímánuð og það víða á landinu er nú viðsnúningur að verða, einkum sunnan til. Það má búast við rigningu eða skúrum sunnan- og vestanlands með hléum vikuna á enda. Norðanlands verður hins vegar úrkomuminna þó ekki verði alþurrt. Hlýtt verður í veðri næstu daga og um næstu helgi.



Á MORGUN 5-13 m/s

FÖSTUDAGUR 3-10 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Amsterdam | 25° |
| Basel | 27° |
| Berlín | 26° |
| Billund | 25° |
| Eindhoven | 27° |
| Frankfurt | 28° |
| Friedrichshafen | 25° |
| Gautaborg | 23° |
| Kaupmannahöfn | 25° |
| Las Palmas | 31° |
| London | 24° |
| New York | 32° |
| Orlando | 34° |
| Osló | 24° |
| París | 29° |
| Róm | 31° |
| Stokkhólmur | 24° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


Kringlan
Opið til 18.30
Útsölulok!
Götumarkaður hefst í dag
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú kynnt þér efni á síðunni wikileaks.org?*

| | |
|---|---|
| Já | 37,1% |
| Nei | 62,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að taka þátt í hátíðarhöldum vegna Gay Pride?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Heilbrigðisráðherra kynnti stöðu svínaflensunnar á ríkisstjórnarfundi í gær:

# Bóluefni kostar 380 milljónir

**HEILBRIGÐISMÁL** Íslenska ríkið mun greiða rúmar 380 milljónir króna fyrir 300 þúsund skammta af bóluefni gegn svínaflensunni H1N1, þar sem hver skammtur kostar 7 evrur. Bóluefnið mun duga til að bólusetja um helming þjóðarinnar.

Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra kynnti aðgerðir gegn flensunni og greindi frá stöðu mála á ríkisstjórnarfundi í gærmorgun. „Í maí ákváðum við að halda því opnu að festa kaup á 150.000 til 300.000 skömmtum. Nú hefur hins vegar verið ákveðið að fara í efri mörkin, sem kostar sitt. Það er mat heilbrigðisyfirvalda að sýna ítrustu varúð í þessum efnum. Þessi ákvörðun er því í samræmi við ráðleggingar sóttvarnalæknis og okkar færustu sérfræðinga,“ segir Ögmundur Jónasson.



**HEILBRIGÐISRÁÐHERRA** Ögmundur Jónasson kynnti ríkisstjórninni stöðu mála á fundi í gær. Kostnaður ríkisins við kaup á bóluefni er 380 milljónir króna.

Bóluefnið hefur ekki enn borist til landsins. Ögmundur segir það væntanlegt á næstunni.

Þrjú ný tilfelli af flensunni greindust um helgina en gera má ráð fyrir að þeim muni fjölga í dag og næstu daga. Fólkið sem greindist um helgina var á aldrinum 16 til 25 ára. Um er að ræða tvo Íslendinga og einn útlending. Alls hafa því 54 tilfelli af flensunni verið staðfest hér á landi. **- þeb/kg**

Fjórir handteknir í Ástralíu:

## Höfðu skipulagt hryðjuverk

**ÁSTRALÍA, AP Fjórir ungir menn voru handteknir í Ástralíu í gær, grunaðir um að hafa skipulagt hryðjuverk. Lögreglan réðst til inngöngu í 19 hús í Melbourne í fyrrinótt.**

**Lögreglan telur að þeir hafi ætlað að gera árás á herstöð í Ástralíu og berjast þar til dauðans. Rannsókn lögreglu á málinu hefur staðið yfir í sjö mánuði.**

**Mennirnir eru á aldrinum 22 til 26 ára, allir ástralskir ríkisborgarar en af sómölskum og líbönskum uppruna. Fimmti maðurinn, sem er í haldi lögreglu af öðrum sökum, hefur einnig verið í yfirheyrslum vegna þessa máls. - gb**

Viðskiptaráðuneytið:

## Nýr aðstoðarmaður Gylfa

**STJÓRNMÁL** Benedikt Stefánsson hefur verið ráðinn aðstoðarmaður Gylfa Magnússonar viðskiptaráðherra og hóf hann störf í gær.



**BENEDIKT STEFÁNSSON**

Benedikt er fæddur árið 1964. Hann er stúdent frá Menntaskólanum við Hamrahlíð, B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands og M.A. í hagfræði frá University of California, Los Angeles (UCLA). Benedikt hefur meðal annars starfað fyrir Morgunblaðið, bandaríska ráðgjafarfyrirtækið CASA/HNC, Íslenska erfðagreiningu og hagfræðideild Landsbankans.

Benedikt er kvæntur Björgu Kjartansdóttur viðskiptafræðingi og eiga þau þrjá syni. **- kg**

Landspítalinn í Fossvogi:

## Smitsjúkdómadeild í sóttkví

**HEILBRIGÐISMÁL Smitsjúkdómadeild Landspítalans í Fossvogi var sett í sóttkví á laugardag eftir að vart varð við MÓSA-bakteríu í tveimur sjúklingum og einum starfsmanni deildarinnar.**

**Deildinni var lokað í gær og hafin dauðhreinsun á henni. Gert er ráð fyrir að sú vinna taki nokkra daga.**

**MÓSA er baktería sem venjuleg sýklalyf duga ekki á. Nái hún bólfestu á sjúkrahúsum getur reynst erfitt og kostnaðarsamt að uppræta hana. Slíkt vill spítalinn hindra með öllum ráðum og því hefur deildin verið sett í sóttkví. - kg**

# Bankaleynd á ekki að vera skjól markaðsmisnotkunar

**Upplýsingar úr lánabók Kaupþings komu forsætisráðherra á óvart. Nýtt frumvarp um bankaleynd í smíðum þar sem Fjármálaeftirlitinu er gefið aukið vald. Líklega farið að danskri fyrirmynd segir viðskiptaráðherra.**

**EFNAHAGSMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir að það hafi komið sér gjörsamlega í opna skjöldu hve miklar fjárhæðir voru lánaðar til fárra aðila og hugsanlega án nægilegra veða. Það sé hins vegar ánægjulegt að Kaupþing skuli hafa fallið frá fráleitu lögbanni á fréttaflutning Ríkissjónvarpsins um lánabók Kaupþings sem lekið var á vefsíðuna Wikileaks.org í síðustu viku. Hún segir að ekki sé hægt að nota bankaleynd til að fela markaðsmisnotkun í samfélagi þar sem krafist er gegnsæis. Þetta kom fram á blaðamannafundi í Stjórnarráðinu í gær.

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra segir nauðsynlegt að endurskipuleggja umgjörð bankastarfsemi hérlendis. Þrengja verði skorður lánveitenda til að taka óbeina gengisáhættu með því að lána til innlendra aðila í erlendri mynt sem hvorki höfðu tekjur né eignir í erlendri mynt. Aðspurður segir Gylfi óeðlilegt að háar fjárhæðir séu lánaðar einungis með veðum í hlutabréfum eigin banka. Hugsanlega sé það ólöglegt en það sé annarra að skera úr um. Hann segir að í raun hafi verið búið til gervi-eigið fé með þessum lánveitingum. Það eigið fé sem skapað var með þessum hætti sé ekki að þjóna þeim tilgangi sem það á að þjóna. „Það þarf að koma í veg fyrir að hægt verði að endurtaka þennan leik.“

Nýtt frumvarp um bankaleynd verður lagt fyrir Alþingi í haust. Gylfi segir að það séu allar líkur á að farið verði eftir danskri fyrirmynd. Samkvæmt henni verður Fjármálaeftirlitinu veittur aðgangur að upplýsingum sem alla jafna falla undir bankaleynd. Fjármálaeftirlitið getur í kjölfarið miðlað þessum upplýsingum til annarra opinberra eftirlitsaðila, svo sem skattayfirvalda og samkeppniseftirlitsins. Gylfi segir að lögin eigi að tryggja skilvirkan aðgang að upplýsingum auk þess sem erfiðara verði að fela slóð afbrota. Hann segir æskilegt að fjallað sé um það sem fór úrskeiðis og bankaleynd eigi ekki að verða til þess að ekki verði fjallað um þau málefni. Hins vegar eigi að ríkja bankaleynd um málefni almennra viðskiptavina bankanna sem ekkert hafa brotið af sér.



**RÍKISSTJÓRNARFUNDUR Í STJÓRNARRÁÐINU** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir ólíklegt að skuldabréf ríkissjóðs verði færð niður í svokallaðan ruslflokk. Vonast sé til að aðgerðir stjórnvalda undanfarið, til að eyða óvissu, dragi enn fremur úr líkum á því. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Það þarf að koma í veg fyrir að hægt verði að endurtaka þennan leik.
>
> **GYLFI MAGNÚSSON**
> VIÐSKIPTARÁÐHERRA

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að glannalega hafi verið farið í lánveitingum bankanna. Meiri innbyggðir veikleikar hafi verið í fjármálakerfinu en menn vildu viðurkenna á sínum tíma. Hann nefnir að erlendir aðilar hafi varað við krosseignatengslum en nú hafi komið í ljós að tengslin hafi verið umfangsmeiri en nokkurn óraði fyrir. **bta@frettabladid.is**






Formaður Sjálfstæðisflokksins gagnrýnir ummæli ráðamanna um Kaupþingsmál:

# Óskiljanlegt að verja lögbrot

**EFNAHAGSMÁL** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir ljóst að fara þurfi yfir þær reglur sem gilda um aðgang að upplýsingum sem tengjast bankahruninu, í ljósi frétta síðustu daga af lánamálum Kaupþings. Í þeim efnum hafi stjórnvöld brugðist algjörlega.

Hann gagnrýnir einnig viðbrögð ráðamanna við fréttum helgarinnar. „Mér finnst hafa fallið ótrúlega óábyrg orð í tengslum við það að þessi lánabók hefur verið gerð opinber,“ segir Bjarni, sem telur menn hafa farið fram úr sér. „Það má ekki missa sjónar á því að það er alvarlegt að lánabók Kaupþings hafi verið birt. Það getur aldrei verið ásættanlegt að menn brjóti lög og mér finnst óskiljanlegt með öllu að menn séu að bera í bætifláka fyrir það þegar slíkt gerist.“

Bjarni segist skilja vel að þarna séu á ferðinni mikilvægar upplýsingar sem geti átt erindi inn í umræðuna. „En við viljum ekki að hérna verði hlutirnir bara eins og í villta vestrinu þar sem er í lagi að fara á svig við lög og reglur.“

Þá bendir Bjarni á að þegar sé að störfum rannsóknarnefnd sem hefur rannsóknarheimildir langt umfram það sem annars þekkist.



**BJARNI BENEDIKTSSON** Spyr hvernig á því standi að enginn velti fyrir sér hver beri ábyrgð á því að lánabók Kaupþings var lekið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Um lögbannið sem Kaupþing fór fram á, og sætt hefur mikilli gagnrýni, segist Bjarni skilja að mönnum þyki það umhugsunarvert, enda hafi það ef til vill ekki þjónað miklum tilgangi eftir að gögnin voru komin fram. **- sh**

# ÚTSALA

## 25-40% afsláttur af öllum húsgögnum



Italsofa *The Italian touch*





Vandaðir sófar,hornsófar, tunguhornsófar með þykku nautaleðri eða slitsterku áklæði





Mikið úrval af vönduðum borðstofusettum og stólum

## Slökunarstólar í úrvali









**Komdu og gerðu frábær kaup**

**Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

**Sími 581-2275 ■ 568-5375**

**www.valhusgogn.is**

Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar Þetta verður þú að prófa!

Opið virka daga kl. 10-18

**Laugardaga kl. 11-16**

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvað heitir kajakræðarinn sem lauk hringferð sinni á kajak um landið á mánudag?*

2 *Á hverri Kanaríeyjanna er nú barist við mikla skógarelda?*

3 *Hversu margir gestir eru taldir hafa verið á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Nýliðinn júlímánuður var með þeim hlýjustu síðan mælingar hófust í Reykjavík:

# Spretta í túnum góð þrátt fyrir þurrk

**VEÐUR** „Í rauninni má segja að þessi þurrkur hafi haft merkilega lítil áhrif því sprettan í túnunum er almennt mjög góð,“ segir Valdimar Guðjónsson, bóndi á Gaulverjabæ í Flóahreppi. Nýafstaðinn júlímánuður var óvenju þurr víða um vestan- og suðvestanvert landið. Fara þarf aftur til ársins 1889 til að finna jafn litla úrkomu í júlí, eftir því sem kemur fram á vef Veðurstofu Íslands.

Að sögn Valdimars var sprettan komin vel af stað í byrjun júlímánaðar. „Við fengum mikla úrkomu í vor þegar mesti sprettutíminn var og það bjargaði alveg málunum. Ég hefði ekki boðið í ástandið annars, því þetta var mjög lítil úrkoma sem við fengum í júlí. Núna nýtist döggin á næturnar til þess að þetta spretti.“

Júlímánuður var hlýr og þurr um mikinn hluta landsins. Meðalhiti í Reykjavík var 12,8 stig, og er það 2,2 stigum yfir meðallagi. Mánuðurinn er í 3. til 4. sæti hlýrra júlímánaða frá því samfelldar mælingar hófust, en ívið hlýrra var árin 1991 og 2007 og jafnhlýtt í júlí árið 1936.

Meðalhitinn á Akureyri var 11,1 stig og er það 0,6 stigum yfir meðallagi. **- kg**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**BÚSÆLDARLEGT Á SUÐURLANDI** Júlímánuður var hlýr og þurr um mestallt landið en mikil úrkoma í vor gerði það að verkum að ekki varð léleg spretta í túnum.



**LUBNA HUSSEIN** Fær rembingskoss frá stuðningsmanni sínum við upphaf réttarhalda í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Buxnadeila í Súdan:

## Mótmælendur barðir kylfum

**SÚDAN, AP** Lögreglan í Súdan beitti í gær táragasi og bareflum á tugi kvenna, sem höfðu efnt til mótmæla fyrir utan dómstól í höfuðborginni Kartúm.

Réttarhöld voru að hefjast yfir blaðakonunni Lubnu Hussein, sem hafði unnið sér það til saka að klæðast buxum á almannafæri. Ströng íslömsk lög þar í landi leyfa ekki slíkt.

Hún á yfir höfði sér fjörutíu vandarhögg.

Sumar kvennanna, sem sýndu henni stuðning með mótmælunum í gær, klæddust buxum, en aðrar hefðbundnari fatnaði. **- gb**

**DALABYGGÐ**

### Skóli fær nafn

Ný skólastofnun í Dalabyggð tekur til starfa um mánaðamótin. Hún hefur fengið nafnið Auðarskóli. Auðarskóli varð til við sameiningu grunnskólans í Búðardal, tónlistarskóla Dalasýslu, leikskólans Vinabæjar og grunnskólans í Tjarnarlundi.

# Eyðsla ferðamanna hefur tvöfaldast í ár

**Ferðamenn eyða um 90 prósentum meira að meðaltali í ár en í fyrra. Framkvæmdastjóri Global Refund segir íslenska verslunareigendur eiga hrós skilið. Endurgreiðsla til ferðamanna í gegnum Tax Free hefur aukist um 20 prósent.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ferðamenn eyddu um 90 prósentum meira að meðaltali á Íslandi frá janúar til júlí, en á sama tímabili í fyrra. Mest er aukningin hjá Dönum, um 150 prósent, og skipa þeir sér nú í efsta sæti listans sem Bandaríkjamenn hafa lengst af verið í.

„Mynstrið á ferðamönnum virðist vera að breytast. Áður var þetta mikið af fólki sem kom til að skoða náttúruna en nú virðast þeir vera tilbúnir að kaupa meira,“ segir Helgi Hrannarr Jónsson, framkvæmdastjóri Global Refund, sem sér um umsýslu fyrir Tax Free á Íslandi. „Íslenskir verslunareigendur eiga hrós skilið fyrir að bjóða upp á öflugt vöruúrval þrátt fyrir stöðuna,“ segir Helgi.

Þótt aukning sé um 90 prósent má gera ráð fyrir að 30 til 40 prósent stafi af verðhækkunum, að sögn Helga. Sagt var frá því í Fréttablaðinu að aukning í ferðum frá Frakklandi er um 55 prósent hjá Icelandair. Helgi hefur svipaða sögu að segja. „Ef horft er á Frakka, Þjóðverja, Ítali og Hollendinga er aukningin í eyðslu í kringum 110 til 125 prósent“.

Lengst af hafa Bandaríkjamenn verið í fyrsta sæti yfir þá ferðamenn sem eyða mestu á Íslandi. Í fyrra komust Norðmenn í efsta sætið, en nú hafa danskir ferðamenn skotist upp á toppinn, að sögn Helga. Norðmenn eru næstflestir, með aukningu upp á rúmlega 100 prósent frá því í fyrra og Bandaríkjamenn eru í þriðja sæti með svipaða aukningu.



**FERÐAMENN** Þeir ferðamenn sem eyða mestu á Íslandi eru Danir en eyðsla þeirra hefur aukist um 150 prósent milli ára. Bandaríkjamenn, sem héldu titlinum þar til í fyrra, eru nú í þriðja sæti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aukningin hjá þjóðum á borð við Kanada, Kína og Rússlandi er minni, en Kandamenn hafa eytt 67 prósent meira í ár en í fyrra.

Meðaltals endurgreiðsla til ferðamanna í gegnum Tax Free hefur aukist um 20 prósent og er meðaltalsávísun nú 14.500 krónur, að sögn Helga. Þjóð sem sker sig úr eru til dæmis Rússar, þar sem meðaltalið er vel yfir 16 þúsund krónum. Bretar eru hins vegar með tæplega 12 þúsund krónur.

Þrátt fyrir þessa aukningu í sölutölum frá janúar til júlí fækkaði ferðamönnum um þrjú prósent á tímabilinu janúar til júní. „Ég er viss um að við munum ná sama heildarfjölda á árinu og í fyrra því það kemur gríðarlegur fjöldi í júlí, ágúst og september,“ segir Helgi.

**vidir@frettabladid.is**

Hernaðarandstæðingar:

## Undrastaðflugsæfingarnar

**HERNAÐUR Samtök hernaðarandstæðinga á Norðurlandi lýsa furðu sinni á því að utanríkisráðherra þjóðarinnar skuli heimila aðflugsæfingar orrustuflugvéla Atlantshafsbandalagsins og vörslu hergagna þess á Akureyrarflugvelli undir yfirskini loftrýmiseftirlits.**

**Samtökin krefjast þess að herafli bandalagsins yfirgefi Akureyri án tafar og að utanríkisráðherra biðji þjóðina afsökunar á þeirri fylgisspekt hans við Bandaríkjaher sem hér birtist. Slíkur stuðningur við núverandi útþenslustefnu Bandaríkjanna og NATO, í Norðurhöfum sem öðrum heimshlutum, þjóni ekki hagsmunum íslensku þjóðarinnar og sé neyðarleg uppákoma fyrir sitjandi vinstri stjórn. - kg**

Sex holu völlur á Vestfjörðum:

## Líka ókeypis í golf í Tungudal

**ÍÞRÓTTIR** Golfklúbbur Ísafjarðar býður upp á sex holu golfvöll í Tungudal þar sem hægt er að æfa sig ókeypis í golfi.

Sagt var frá því fyrir helgi að Golfklúbbur Akureyrar hefði tekið sex holu völl til notkunar þar sem ókeypis væri í golf. Halldór Rafnsson hjá Golfklúbbi Akureyrar vissi þá ekki til þess að á fleiri stöðum en Akureyri væri hægt að spila golf frítt.

Hins vegar er greint frá því á vestfirska fréttavefnum bb.is að boðið sé upp á slíkt hið sama í Tungudal, og þannig hafi það verið frá opnun vallarins. **- þeb**




* Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð. Hafa ber í huga að eign í verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði getur bæði hækkað eða lækkað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra. Ríkisskuldabréf - Sjóður 5 og Löng ríkisskuldabréf - Sjóður 7, eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Íslandssjóðir hf. er rekstrarfélag sjóðanna. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Íslandsbanka hf., www.islandsbanki.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðanna og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.



true nýjar vörur
Kjóll
5.999kr
Bolero bolur
3.499kr
Kjóll
4.999kr
Prjónavesti
6.999kr
Kjóll
4.999kr
Peysa m/nælu
8.999kr
Leggings
1.999kr
Stígvél
6.999kr
Leggings
1.499kr
Kjóll
2.499kr
Kjóll
4.999kr
Kaðlapeysa
9.999kr
Pils
4.999kr
Buxur
4.999kr
Sportskór
st. 36-42
Vnr. 769131
6.499kr
Skór
st. 36-41
Vnr. 766920
7.999kr
Ekta leður
Sportskór
st. 37-42
Vnr. 769138
6.999kr
Sportskór
st. 37-42
Vnr. 769128
6.999kr
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
HAGKAUP
Ein ferð betra verð



**VEFJARHETTIR Í STAÐ BJARNARSKINNS** Þessir tveir Sikkar urðu nýverið fyrstir til að ganga með vefjarhött í starfi sínu sem verðir Elísabetar Bretlandsdrottningar, en til þessa hafa rauðklæddu verðirnir með svörtu bjarnarskinnshúfurnar verið allsráðandi í þessu starfi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögreglan hafði hendur í hári þriggja manna sem rændu verslun vopnaðir:

# Þrír menn játuðu rán í 11-11

**LÖGREGLUMÁL** Þrír menn um tvítugt hafa játað að hafa framið vopnað rán í verslun 11-11 í Skipholti fyrir hádegi á mánudag. Tveir mannanna voru handteknir í gærmorgun og yfirheyrðir eftir að hafa sofið úr sér fíkniefnavímu. Yfirheyrslurnar leiddu til þess að þriðji maðurinn var handtekinn síðdegis.

Mennirnir ruddust inn í verslunina undir hádegi á mánudag og ógnuðu tveimur ungum starfsmönnum með hníf. Þeir höfðu einhver verðmæti á brott með sér en ekki hefur verið gefið upp hversu mikið það var.

Mennirnir stungu síðan af á bláum smábíl. Starfsmenn verslunarinnar sakaði ekki.

Málið telst upplýst, að því er fram kemur í tilkynningu frá lögreglu. - sh



**11-11 Í SKIPHOLTI** Ræningjarnir meiddu ekki starfsmenn verslunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ / PJETUR

Könnun Capacent Gallup:

# Fleiri andvígir aðild að ESB

**STJÓRNMÁL** Fleiri landsmenn eru andvígir aðild Íslands að Evrópusambandinu en eru hlynntir henni, samkvæmt könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir vefsíðuna Andríki.

Samkvæmt könnuninni, sem fór fram dagana 16. til 27. júlí, voru 29,2 prósent aðspurðra mjög andvígir aðild að sambandinu. Þá sögðust 19,3 prósent frekar andvígir, 17,6 prósent frekar hlynntir og 17,1 prósent mjög hlynntir. Aðrir, 16,9 prósent, sögðust hvorki vera hlynntir né andvígir aðild að Evrópusambandinu. - þeb

Ill meðferð fanga:

# Hrottar pynta meðfanga sína í Rússlandi

**RÚSSLAND, AP** Rússnesk mannréttindasamtök saka yfirmenn rússneskra fangelsa um að nota harðsvíraða glæpamenn til þess að pynta aðra fanga í von um að ná út úr þeim játningum.

Lev Ponomarjov, yfirmaður samtakanna, segir að samtökunum hafi borist fjölmörg bréf frá föngum þar sem slíkri meðferð er lýst.

„Til eru um tólf slíkar einangrunarbúðir, og ég er ekkert að ýkja hérna, þar sem hópar harðsvíruðustu glæpamanna, fólk sem situr inni fyrir barnaníðingshátt, nauðganir og aðra glæpi, fær opinbera heimild til að pynta, nauðga og stundum jafnvel drepa hvern sem þeim er sigað á,“ sagði Ponomarjov. - gb

Fatah-hreyfing Palestínumanna heldur fund í fyrsta sinn í tvo áratugi:

# Mahmoud Abbas hvetur til friðsemdar

**PALESTÍNA, AP** Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, hvatti Palestínumenn til að takmarka andspyrnu sína gegn Ísrael við friðsamleg mótmæli og forðast ofbeldisverk. Friðarviðræður við Ísraela verði að halda áfram, þrátt fyrir margítrekuð vonbrigði.

„Fólkið hefur fullan rétt til að segja þessar samningaviðræður engu skila,“ sagði hann á þriggja daga ráðstefnu Fatah-hreyfingarinnar, sem hófst í Betlehem í gær. „En samt er vonarneisti og við verðum að halda áfram á þessari braut, í þágu þjóðarhagsmuna.“

Ráðstefnan var sú fyrsta sem samtökin halda í tuttugu ár. Síðast var haldinn fundur af þessu tagi í Túnis árið 1989.

„Að þessi ráðstefna sé haldin er kraftaverk,“ sagði Abbas, „og að hún skuli haldin í heimalandinu er annað kraftaverk.“

Abbas rakti í löngu máli sögu hreyfingarinnar allt frá því hún var stofnuð sem skæruliðahreyfing gegn Ísrael árið 1965 og þar til hún fór í fararbroddi friðarsamninga við Ísrael á síðasta áratug 20. aldar, og hafði þá fallið frá vopnaðri baráttu. Leiðtogi hreyfingarinnar frá stofnun var Jasser Arafat, allt þar til hann lést árið 2004.

Fjögur hundruð fulltrúar frá Gasasvæðinu gátu ekki mætt á ráðstefnuna vegna einangrunar, sem Ísraelar halda íbúum þar í. - gb



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**UNDIR MYND ARAFATS** Mahmoud Abbas segir kraftaverk að ráðstefna Fatah-hreyfingarinnar sé haldin í Betlehem.




ENNEMM / SÍA / NM38636

Suður-Afríka um loftslagsmál:

# Ríku þjóðirnar verða að borga

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Suður-Afríkustjórn segir að hvorki hún né önnur þróunarríki muni fallast á frekari aðgerðir gegn hlýnun jarðar nema ríku þjóðirnar borgi brúsann.

Embættismenn í Suður-Afríku hittust í Jóhannesarborg í gær til að undirbúa sig fyrir næstu loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem haldin verður í Kaupmannahöfn í vetur.

Þeir sögðu að ríku þjóðirnar yrðu að leggja til hliðar sem svarar einu prósenti af heildartekjum jarðarbúa til þess að þróunarlönd féllust á niðurstöðuna. **- gb**

Níu gefa kost á sér í aðalstjórn Icelandair á hluthafafundi:

# Fyrrum forstjórar í framboði

**VIÐSKIPTI** Alls gefa níu kost á sér til setu í aðalstjórn Icelandair Group á hluthafafundi sem verður haldinn á morgun, 6. ágúst. Þeir eru: Finnur Reyr Stefánsson, Friðrik Á. Brekkan, Geirþrúður Alfreðsdóttir, Hlíf Sturludóttir, Jón Ármann Guðjónsson, Jónas Gauti Friðþjófsson, Katrín Olga Jóhannesdóttir, Pétur J. Eiríksson og Sigurður Helgason.

Stærstu hluthafar í Icelandair Group eru Íslandsbanki, sem á 47 prósent í félaginu, skilanefnd Landsbankans, sem á um 24 prósenta hlut, og Sparisjóðabankinn, sem á um 10 prósent.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Sigurður Helgason, fyrrum forstjóri Icelandair, og Katrín Olga á vegum Íslandsbanka, Pétur J. Eiríksson, fyrrum forstjóri Icelandair Cargo, á vegum skilanefndar Landsbankans og Jón Ármann á vegum Sparisjóðabankans. Finnur Reyr sækist eftir setu vegna eigin hlutar í félaginu. Hann er jafnframt eini núverandi stjórnarmaður sem sækist eftir áframhaldandi setu. Hlíf Sturludóttur, Friðrik Á. Brekkan og Geirþrúður Alfreðsdóttir sækjast eftir stjórnarsetu vegna eigin hlutar í félaginu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Geirþrúður hefur verið flugstjóri hjá Icelandair og er dóttir Alfreðs Elíassonar, stofnanda Loftleiða. **- bþa**



**ÞOTUR Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI** Stærstu hluthafar í Icelandair eru Íslandsbanki, skilanefnd Landsbankans og Sparisjóðabankinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


**PÚTÍN Í TRÉNU** Vladimír Pútín, forsætisráðherra Rússlands, hefur verið í fríi í bænum Kyzyl í Suður-Síberíu. Þar fann hann þetta tignarlega tré til að príla upp í. NORDICPHOTOS/AFP

Afgangur nam 8,7 milljörðum

# Vöruskipti jákvæð í júní

**EFNAHAGSMÁL Vöruskiptin í júní voru hagstæð um 8,7 milljarða króna. Fluttar voru inn vörur fyrir 32 milljarða en út fyrir 40,7 milljarða. Fyrstu sex mánuði ársins voru fluttar út vörur fyrir 212 milljarða króna en inn fyrir 179 milljarða króna. Á sama tímabili fyrir ári voru vöruskipti óhagstæð um 37,8 milljarða á sama gengi. Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningar Íslandsbanka, segir að það sé undirliggjandi þróun í þá átt að það sé meiri afgangur í vöruskiptaog þjónustujöfnuði. Hann reiknar með að sú þróun haldi áfram.** **- bþa**


**INGÓLFUR BENDER**

Umferð frá höfuðborgarsvæðinu um verslunarmannahelgina:

# Minni umferð en aðrar helgar

**UMFERÐ** Umferð úr höfuðborginni var minni um verslunarmannahelgina en flestar aðrar helgar í sumar, samkvæmt tölum frá Vegagerðinni. Vegagerðin hefur tekið saman tölur um umferð frá höfuðborgarsvæðinu frá því síðustu helgina í júní, og var umferð um verslunarmannahelgina minni en um meðalhelgi. Umferðin var mest síðustu helgina í júní, en minnst síðustu helgina í júlí.

„Mýtan um verslunarmannahelgina virðist ekki standast. Hún virðist ekki vera stærsta ferðahelgin ef marka má þessar tölur,“ segir Friðleifur Ingi Brynjarsson, verkefnastjóri hjá Vegagerðinni. Það sé í það minnsta tilfellið í ár frá höfuðborgarsvæðinu. Svo geti þetta verið misjafnt úti á landi.

Umferðin var mæld á fimm stöðum nálægt höfuð-borgarsvæðinu. Til austurs var mælt á þremur stöðum, alls staðar var töluvert meiri umferð en um sömu helgi í fyrra. Undir Ingólfsfjalli jókst umferðin um tæp tíu prósent milli ára, um Hellisheiði um rúm ellefu prósent og um Sandskeið um tæp sjö prósent. Til norðurs var mælt á tveimur stöðum og var umferðin nokkru minni á þeim báðum en á sama tíma í fyrra. Mælt var á Árvöllum á Kjalarnesi, þar sem umferðin var rúmum sex prósentum minni, og um Hvalfjarðargöng, þar sem umferðin minnkaði um níu prósent milli ára. **- þeb**


**HVALFJARÐARGÖNG** Umferðin til norðurs var talsvert minni um verslunarmannahelgina nú en í fyrra. Um Hvalfjarðargöngin fóru níu prósentum færri bílar en í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fjölmennt íslenskunámskeið:

# 100 útlendingar læra íslensku á Vestfjörðum

**MENNTUN** Rúmlega 100 manns eru nú á Vestfjörðum til að taka þátt í íslenskunámskeiði á vegum Háskólaseturs Vestfjarða. Nemendurnir á námskeiðinu eru flestir á leið í skiptinám hér á landi, en þó eru um þrjátíu þeirra einfaldlega áhugafólk um íslensku. Íslenskunámskeiðið hófst á mánudag og stendur í þrjár vikur.

Íslenskukennslunni er blandað saman við kynningar á íslenskri menningu og sögu. Flestir nemendurnir gista að Núpi í Dýrafirði en nokkrir eru á Ísafirði.

Háskólasetrið hefur hvatt Vestfirðinga til að tala íslensku við nemendurna, og hjálpa þannig til við kennsluna. **- þeb**






**Fréttablaðið stendur upp úr**

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.




Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.


## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 8 **Velta:** 21,9 milljónir

**OMX ÍSLAND 6**
743,54 **-0,36%**

**MESTA HÆKKUN**

| | |
|---|---|
| ENGIN | |

**MESTA LÆKKUN**

| | |
|---|---|
| MAREL | -0,98% |
| BAKKAVÖR | -0,68% |
| ÖSSUR | -0,44% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,50 +0,00% ... Atlantic Airways 156,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 430,00 +0,00% ... Bakkavör 1,45 -0,68% ... Eik Banki 86,00 +0,00% ... Føroya Banki 120,50 +0,00% ... Icelandair Group 4,40 +0,00% ... Marel Food Systems 50,50 -0,98% ... Össur 112,50 -0,44%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Töldu að lögbannið yrði ekki staðfest

Skilanefnd Kaupþings mat það sem svo að lögbann á fréttaflutning Ríkissjónvarpsins fengist ekki staðfest þar sem aðrir fjölmiðlar höfðu fjallað ítarlega um málið. Því var ákveðið að falla frá lögbannskröfu á fréttaflutninginn í gær. Þetta kemur fram í upplýsingum frá skilanefnd Kaupþings.

Skilanefndin sendi jafnframt frá sér tilkynningu í gær þar sem kom fram að telji ráðamenn þjóðarinnar rétt að breyta lögum um þagnarskyldu sé brýnt að löggjafarvaldið taki málið föstum tökum þannig að fjármálafyrirtækjum sé unnt að fylgja þeim reglum sem þeim sé ætlað að starfa eftir.

Samkvæmt heimildum frá skilanefndinni hafa forsvarmenn danska bankans FIH sem er á forsvari skilanefndarinnar fengið þó nokkrar fyrirspurnir vegna lekans og margir lýst áhyggjum sýnum yfir því að þessar upplýsingarnar hafi verið gerðar opinberar. **- bþa**

# Össur í gjaldeyrisviðskiptum

**Össur hefur greitt um 19 prósent af innlendum kostnaði með krónum sem keyptar eru erlendis. Ávinningur af viðskiptunum er um 200 milljónir króna.**

Össur er eina fyrirtækið á lista Seðlabanka Íslands sem hefur undanþágu frá reglum um gjaldeyrismál og hefur stundað viðskipti með krónur erlendis. Fréttablaðið sendi eftirfarandi fyrirspurn til allra fyrirtækja á lista Seðlabankans: Hafið þið verið þátttakendur á markaði með krónur á erlendum mörkuðum?

Alls svöruðu 36 fyrirtæki fyrirspurn Fréttablaðsins, 35 svöruðu neitandi en eitt svaraði játandi, Össur hf.. Ekki fengust svör frá átta fyrirtækjum. Þau eru: 300P Holding, Avion Aircraft Trading, Flugfélagið Atlanta, Northern Ligths Leasing, Produmar ehf., Úthafsskip ehf., Víking Leiga og Woodbridge á Íslandi.

Umtalsverður ávinningur getur verið af því fyrir fyrirtæki að stunda viðskipti með krónur á mörkuðum erlendis. Samkvæmt Reuters miðlunarkerfinu þá hefur gengi krónunnar í Evrópu verið að meðaltali um 230 krónur fyrir hverja evru í vetur. Gengið innanlands hefur hins vegar verið um 170 krónur fyrir hverja evru. Því geta útflutningsfyrirtæki fengið um 60 krónum meira að meðaltali fyrir hverja evru af gjaldeyri séu viðskiptin stunduð erlendis. Með þessu móti geta fyrirtæki lækkað innlendan kostnað þar sem þau kaupa krónur á lægra verði. Athuga ber að þessi viðskipti eru ekki lögbrot en þau geta haldið aftur af styrkingu krónunnar.

Í svari frá Össuri segir að ráðstöfun á gjaldeyri fyrir krónur á erlendum mörkuðum sé umtalsvert lægri en þær fjárhæðir sem fyrirtækið átti á erlendum bankareikningum þegar höftin tóku gildi. Jafnframt segir að félagið hafi greitt um 19 prósent af innlendum kostnaði síðustu sex mánuði með þessu móti en félagið hefur skipt um 4,9 milljónum dala á erlendum mörkuðum frá því í október á síðasta ári. Lauslega áætlað mé telja að ávinningur félagsins sé um 200 milljónir króna. Fyrirtækið stundaði ekki viðskipti á þessum markaði fyrir hrun. **bta@frettabladid.is**

### FYRIRTÆKI SEM ERU UNDANÞEGIN FRÁ REGLUM UM GJALDEYRISMÁL

300P Holding ehf.
Actavis Group hf.
Alfesca hf.
Atlantis Group hf.
Avion Aircraft Trading hf.
Bakkavör Group hf.
Barry International á Íslandi ehf.
Bombardier Corporate Financial Services Íslandi sf.
CN Liquidity Management ehf.
Dunedin á Íslandi sf.
Flugfélagið Atlanta ehf.
Frontier Energy Íslandi sf.
GoPro ehf.
Hf. Eimskipafélag Íslands
Icecraft ehf.
Icelandic Group hf.
Ingersoll-rand Finance Íslandi slf
Invent Farma ehf.
Leikhúsmógúlinn ehf.
Magna Íslandi sf.
Magna Investment á Íslandi ehf.
Marel Food Systems hf.
MID Íslandi sf.
Mogul Holding ehf.
MSREF S Íslandi, slf
MSREF T Íslandi, slf
MSREF TE Íslandi, slf
Nexfor fjármögnun ehf.
Noranda Íslandi ehf.
Norrænar Myndir ehf.
Northern Lights Leasing ehf.
Plus Farma ehf.
Primera Travel Group hf.
PrimeraAir ehf.
Promens hf.
Produmar ehf.
Quebecor World á Íslandi ehf.
SSF I Íslandi slf
SSF II Íslandi slf
Thomson Reuters á Íslandi sf.
Úthafsskip ehf.
Viking leiga ehr.
Woodbridge á Íslandi sf.
Össur hf.







## STARFSNÁM OG BRAUTIR

- Skrifstofu- og tölvunám
- NÝTT! Frumkvöðla og rekstrarnám
- Sölu- og markaðsnám
- Skrifstofunám & hönnun
- Sölunám & hönnun
- Skrifstofu- og rekstrarnám
- Sölu- og rekstrarnám

## ALMENNT TÖLVUNÁM

- Tölvunám - fyrstu skrefin
- ECDL tölvunám

## TÆKNINÁM OG BRAUTIR

- NÝTT! Diplomanám í forritun
- Kerfisumsjón
- Tölvuviðgerðir
- MCITP (áður MCSA)
- MCTS og Network+
- Kerfisstjórinn
- Cisco CCENT & CCNA
- Windows Vista
- MCDST
- Styttri sérfræðinámskeið í samvinnu við Opin Kerfi

## BÓKHALD OG NAVISION

- Grunnnám í bókhaldi
- NÝTT! Bókaranám framhald

## MARGMIÐLUN OG GRAFÍK

- Grafísk hönnun
- Photoshop Expert
- Myndvinnsla m. Photoshop
- Alvöru Vefsíðugerð

**NTV STYRKIR ATVINNULAUSA SEM NEMUR 25% AF VERÐI NÁMSKEIÐA**

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI : HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Draumar um afnám bankaleyndar rætast ekki.

## Bankaleyndin á sér tvær hliðar

**BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON**

Þó að landsmenn séu kannski ekki almennt vel stemmdir fyrir ábendingum Sigurðar Einarssonar, stjórnarformanns Kaupþings sáluga, er vert að benda á það sem hann segir um bankaleynd í grein hér í blaðinu í dag. „Bankaleynd er ekki hugsuð fyrir bankana. Hún er hugsuð fyrir viðskiptavinina,“ segir Sigurður.

Eins er það með trúnað á sjúkraskýrslum; hann er fyrir sjúklinga en ekki spítalana.

Í bönkum liggja margvíslegar upplýsingar sem ekki eiga erindi við almenning. Venjulegt fólk, til að mynda, verður að fá að hafa sín bankamál út af fyrir sig. En það er líka margt í bönkunum sem þarf að koma fyrir almennings sjónir. Helstu lánveitingar eru þar á meðal. Landsmenn eiga skilyrðislausa heimtingu á að vita hvers vegna fjármálakerfið hrundi.

Bankaleyndin er í hámæli í samfélaginu, eina ferðina enn, eftir ótrúlega atburðarás helgarinnar. Upplýsingum er lekið á vefinn, RÚV ætlar að segja frá þeim, Kaupþing og skilanefndin fá lögbannsúrskurð en draga í land eftir háværi mótmæli, meðal annars ráðherra.

Í framhaldi af þessu ætlar ríkisstjórnin að breyta lögum um bankaleynd. Það er vel.

Núgildandi lagaákvæði er einfalt. Starfsmenn banka eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í vinnunni og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptavinar.

Önnur lög, til dæmis um fjármálaeftirlit og starfsemi rannsóknarnefndar Alþingis, víkja svo þagnarskylduákvæðinu til hliðar.

Þó að nokkrir stjórnmálamenn hafi tekið stórt upp í sig um helgina og gefið þeim sem svo kjósa tilefni til að ætla að bankaleynd verði afnumin með öllu er ekkert slíkt í farvatninu. Áformaðar breytingar á bankaleynd miða að aukinni upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja til Fjármálaeftirlitsins. Það þýðir ekki að allir hafi aðgang að öllu. Áformaðar breytingar þýða heldur ekki að upplýsingarnar úr skjalasafni Kaupþings hefðu komið fyrir almenningssjónir með þeim hætti sem þær gerðu.

Listi yfir helstu skuldunauta Kaupþings er auðvitað merkileg og fróðleg lesning. Hann staðfestir það sem áður var almennt talið, nefnilega að helstu eigendur bankans voru jafnframt helstu lántakendur. Jafnframt að tryggingum fyrir lánum var áfátt. Þetta er þekkt stef úr íslenskum bankarekstri 21. aldarinnar.

Þó að upplýsingarnar séu kærkomnar og veiti almenningi tiltekna sýn á starfsemi Kaupþings má ekki gera of mikið úr formlegu gildi lekans. Fjármálaeftirlitið, sérstakur saksóknari og rannsóknarnefnd Alþingis höfðu aðgang að þessum upplýsingum og það er, jú, það sem öllu máli skiptir. Eflaust verður drjúgu plássi varið í umfjöllun um þessar og sambærilegar lánveitingar annarra banka í skýrslu rannsóknarnefndarinnar og hugsanlega - en bara hugsanlega - verða þær fóður í ákærum saksóknarans. Hið fyrrnefnda skýrist með haustinu þegar skýrslan kemur út. Óvíst er með öllu hver framvinda starfa saksóknarans verður.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edward **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Skiptar skoðanir**

Kristján Kristjánsson, upplýsingafulltrúi forsætisráðuneytisins, útskýrði í kvöldfréttum Sjónvarps á mánudag hvers vegna íslensk stjórnvöld hefðu ekki fylgt málstað Íslendinga og stefnu betur eftir á erlendum vettvangi. Kristján sagði að Íslendingar væru rúmlega þrjú hundruð þúsund manns og allir hefði mismunandi skoðun, jafnvel ráðherrar ríkisstjórnarinnar. „Við erum alls ekki sammála um það innbyrðis, Íslendingar, hvernig við eigum að ljúka Icesave-málinu. Þess vegna er erfitt að fara út í heim og hamra inn einhvern einn boðskap,“ sagði Kristján.



**Varla svo skiptar**

Er það svo? Hvað með: „Rétt eins og sparifjáreigendur í Hollandi og Bretlandi varð íslenskur almenningur fyrir barðinu á óprúttnum kaupsýslumönnum. Lífskjör á Íslandi munu rýrna mjög vegna þess. Íslendingar vilja standa við sínar skuldbindingar en það eru takmörk fyrir því hversu miklar byrðar ríki getur tekið á sig. Hollendingar og Bretar hafa hins vegar reynst óbilgjarnir í samningaviðræðum og álit eru uppi um hvort ríkið geti staðið við fyrirliggjandi samninga.“

Hvort sem menn telja að við verðum að semja um Icesave eða ekki, ættu flestir að geta verið sammála um ofangreind atriði. Hefði ekki mátt hamra á þeim?

**Skiptir kannski engu**

Ef Kristján hefur á hinn bóginn rétt fyrir sér, að Ísland getur ekki sett fram einn boðskap í Icesave-málinu því það eru svo skiptar skoðanir á málinu heima fyrir, vaknar sú spurning hvort Ísland geti haft skoðun á nokkrum sköpuðum hlut á erlendum vettvangi. Það var kannski eins gott að við fengum ekki sæti í Öryggisráðinu í fyrra.

**bergsteinn@frettabladid.is**

## Staðreyndir úr lánabók



**SIGURÐUR EINARSSON**

**Í DAG** | Lánabók Kaupþings

Þar sem stjórnarkynning frá 25. september 2008, með yfirliti yfir helstu skuldunauta Kaupþings lak á netið og í framhaldi af æsingarkenndum viðbrögðum fjölmiðla og stjórnmálamanna við efni hennar, finn ég mig knúinn til að útskýra hvað þarna er á ferð.

Þeir sem hafa haft fyrir því að kynna sér efni þessarar skýrslu sjá að Kaupþing stóð ágætlega í lok september síðastliðinn. Raunar betur en margir evrópskir bankar á þessum tíma. Veð bankans og tryggingar voru enn vel rúm sem er athyglisvert í ljósi þess að markaðir höfðu verið í nær frjálsu falli mánuðina á undan. Enda er bókað í fundargerð stjórnar að eftir yfirferð skýrslunnar væri staða bankans betri en menn höfðu þorað að vona miðað við aðstæður.

Tilefni skýrslunnar var að upplýsa stjórnina um helstu útlán og áhættu bankans. Þar kom fram að heildarútlán og áhætta gagnvart stærstu viðskiptavinum bankans, að teknu tilliti til lögboðins frádráttar vegna veðtrygginga í formi reiðufjár, verðbréfa og fasteigna, var undir lögboðnu hámarki, sem nemur 25% af eiginfjárgrunni. Yfirlýsingar um annað eru rangar og geri ég ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið rannsaki þennan þátt sérstaklega, en skýrslur vegna þessa voru sendar ársfjórðungslega til FME. Jafnframt er það rangt sem fram hefur komið í fjölmiðlum að stór lán hafi verið veitt viðskiptavinum bankans rétt fyrir hrun. Sú mynd sem dregin hefur verið upp af fjölmiðlum að ákveðnum viðskiptavinum eða hluthöfum hafi verið veitt lán frá bankanum til að koma fjármunum undan í aðdraganda hrunsins, á sér enga stoð í raunveruleikanum. Engar slíkar lánveitingar áttu sér stað síðustu vikur eða mánuði fyrir fall Kaupþings.

Þar sem fjölmiðlar umreikna öll lán Kaupþings miðað við gengi krónunnar eins og það er nú hafa þeir nær tvöfaldað þær upphæðir sem koma fram í stjórnarkynningunni. Sé sá háttur hafður á er sanngjarnt að umreikna einnig stærð Kaupþings eins og bankinn var fyrir hrun. Þá sést að þrátt fyrir að þetta séu háar upphæðir, þá verður að skoða þær í samhengi við 10 þúsund milljarða króna efnahagsreikning bankans. 100 milljarða króna útlán til eins viðskiptavinar nam einungis 1% af heildarefnahag bankans.

Það er mér mikið umhugsunarefni hvernig þeir sem láku skýrslunni komust yfir hana. Einungis örfáir einstaklingar innan bankans höfðu þessa skýrslu í rafrænu formi. Ljóst er því að skýrslan hefur verið sótt inn í gagnagrunna bankans eftir fall hans og kemur það undirrituðum ekki á óvart. Rétt er einnig að það komi fram að skýrslan er bókuð í fundargerð stjórnar og er þar með aðgengileg Fjármálaeftirlitinu, auk þess sem skýrslan hefur verið aðgengileg öllum þeim aðilum öðrum sem hafa með höndum rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna haustið 2008. Allt tal um leyniskýrslu er því rangt, en hins vegar bar eftirlitsaðilum að meðhöndla hana sem trúnaðargagn, vegna hagsmuna viðskiptavina bankans.

Fyrir utan umfangið er fátt nýtt sem kemur fram í þessari skýrslu um til dæmis lánveitingar til Exista og Robert Tchenguiz. Búið var fyrir nokkrum mánuðum að leka þeim upplýsingum í Morgunblaðið. Stærstu lán bankans til Exista tengjast Lýsingu, sem fyrir sölu var fjármagnað beint af Kaupþingi. Hefur sú staðreynd verið öllum markaðsaðilum, Fjármálaeftirlitinu og lánshæfismatsaðilum, lengi kunnug. Þá er rétt að geta þess, sem reyndar er alkunna, að Exista er og hefur verið fjármagnað líkt og fjármálafyrirtæki, þar sem almenna reglan er sú að lánveitingar eru án sérstakra veðtrygginga. Kaupþing var einn margra tuga alþjóðlegra banka sem lánuðu Exista án veða. Jafnframt er rétt að geta þess að heildarútlán til viðskiptavina þýðir ekki heildaráhætta samkvæmt þeim reglum sem um útlánaáhættu gilda. Víða var búið að gera afleiðusamninga við aðra banka til að draga úr áhættu, jafnframt því sem að sumir helstu viðskiptavina bankans voru með tugi milljarða króna á innstæðum og drógust þær vitaskuld frá þegar raunveruleg áhætta var metin.

Rétt er svo í lokin að árétta að bankaleynd er ekki hugsuð fyrir bankana. Hún er hugsuð fyrir viðskiptavinina. Hvers eiga til dæmis dönsk fyrirtæki að gjalda sem hafa verið áratugum saman í viðskiptum við FIH bankann í Danmörku þegar upplýsingar um þeirra lánamál eru nú öllum aðgengileg á netinu? Fyrirsjáanlegt tjón sem ætla má að það geti haft í för með sér fyrir FIH, hefur bein áhrif á hag Seðlabanka Íslands og þar með íslensku þjóðarinnar. Stjórnmálamenn í leit að stundarfrægð verða að gera sér grein fyrir því að afnám bankaleyndar þýðir vitaskuld ekkert annað en fjöldaflótta íslenskra viðskiptavina til erlendra fjármálafyrirtækja um leið og færi gefast, með tilheyrandi og viðvarandi skaða fyrir íslenskt efnahagslíf.

*Höfundur er fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings.*

## Icesave-deilan er samningsmál

**UMRÆÐAN**

Ingvar Gíslason skrifar um Icesave

Um það þarf ekki að fara í neinar grafgötur nú á þessu stigi málsins að hin svonefnda „dómstólaleið“ í Icesave-málinu er ófær. Það fyrirfinnst enginn dómstóll sem samkomulag yrði um að leita til. Og gerðardómur er út í hött. Íslendingar eiga bara eina völ: Samningaleið.

Ekki geri ég lítið úr lögfræðilegum rökum til stuðnings dómstólaleiðinni. Og þó svo að nafntogaðir fræðimenn standi á bak við þessi rök verður að segja sem er að vegvísar kenningasmiða hafa ekki alltaf fótfestu í raunveruleikanum. Og hver er raunveruleikinn? Hann er sá að Icesave-málið hefur færst inn á hið pólitíska svið. Og ekki getur neinn maður neitað því að pólitíska sviðið er fullgildur vettvangur úrlausna í vissum deilumálum. Það er því rangt að pólitískt mál sé endilega leyst fyrir dómstólum, ekki síst ef um er að ræða milliríkjadeilur. Þær ganga sjaldnast dómstólaleiðina. Íslendingar hafa hingað til ekki verið áfjáðir í að leggja brýn hagsmunamál undir dóm alþjóðadómstóla. Og hvað er það annað en júridísk þráhyggja að ímynda sér að Bretar eða Hollendingar standi í því að sækja Icesave-málið fyrir íslenskum dómstóli eins og málum er komið?

Ofan á það að vera andstæðingur aðildar Íslands að ESB er ég líka gamall og gróinn framsóknarmaður. Mig furðar á fyrirgangi forystumanna Framsóknarflokksins gegn Icesave-samningunum. Framsókn hefur alltaf sýnt raunsæi að því er tekur til lausnar á málefnaágreiningi. Dómstólaleið er vitaskuld hin rétta leið í flestum almennum málum. En samningaleiðin hentar oftast betur þegar leysa á pólitísk mál og milliríkjadeilur. Fyrir þeirri skoðun verða færð gild lagarök ef út í það er farið. En á stjórnmálasviði má styðja stefnu og úrlausnir öðrum rökum en hreinlögfræðilegum, bæði heimspekilegum og félagsfræðilegum. Í Icesave-umræðunni er auk þess beitt tölfræði- og stærðfræðirökum eins og eðlilegt er og ber þá mest á gamalkunnum framreikningskúnstum, þó reynslan af þeim sé umdeilanleg í hagsögu Íslands fram að þessu. Niðurstaða mín er sú að Icesave-málið er pólitískt og verður aðeins leyst með samningum.

*Höfundur er fv. alþm. Framsóknarflokksins.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

KNATTSPYRNUSKÓLI BOBBYS CHARLTON
Skráning í Knattspyrnuskóla Bobbys Charlton 2010 á England hefst 1. september 2009. Nánari upplýsingar veittar í síma 588 9900 eða með því að senda póst á fyrirspurn@itferdir.is.



Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

Bílaleigubílar
Sumarhús í Danmörku
Ódýrari bílaleigubílar fyrir Íslendinga.
Frá dkr. 2500,- vikan
Innifalið í verði;
ótakmarkaður akstur, allar tryggingar, engin sjálfsábyrgð. (Afgr.gjöld á flugvöllum). Ekkert aukagjald fyrir aukabílstjóra sé það gert við pöntun.
Höfum allar stærðir bíla, allt að 9 manna.
DanCenter
Sumarhús
Útvegum sumarhús í Danmörku af öllum stærðum
Danland
Fjölskylduvæn orlofshverfi
Fjölbreyttar upplýsingar á www.fylkir.is
FYLKIR.IS
FERÐASKRIFSTOFA
— Bestir í Danmörku
Sími 456 3795 - 896 3745

Auglýsingasími 512 5473
;ALLT
FRÉTTABLAÐIÐ



Á leið á fjallið helga, það er að segja Helgafellið í Hafnarfirði.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Í félagsskap ferðamanna upp um fjöll og hlíðar

**Göngur og útivist hefur lengi verið eftirlætisiðja Guðrúnar Helgu Sigurðardóttur fjölmiðlakonu. Hún ákvað að gera það áhugamál að atvinnu, stofnaði fyrirtæki í vor með eiginmanninum og býður nú leiðsögn í fjallgöngum í nágrenni höfuðborgarinnar, einkum á Helgafell í Hafnarfirði og hina vinsælu Esju.**

„Þetta er búið að vera frábærlega skemmtilegt,“ segir Guðrún Helga þegar hún er spurð út í göngur sumarsins. „Ég hef alltaf notið þess að fara í fjallgöngur og ekki spillir að fá ferðafélaga eins og þá sem ég hef haft síðustu vikurnar, forvitna, áhugasama og skemmtilega. Fólk sem vill kynnast íslenskri náttúru af eigin raun en kann að meta öryggið sem felst í að vera með manneskju sem þekkir til og fræðast af henni.“

Þó að Guðrún Helga hafi víða gengið um ævina hefur hún einbeitt sér að ferðum á tvö fjöll í sumar, Helgafell í Hafnarfirði og Esjuna. Helgafellsgangan tekur um þrjá tíma og Esjugangan sex til átta. „Það er misjafnt hversu lengi ég er og fer eftir því hversu hratt ferðafélagarnir vilja ganga. Ef farið er of rösklega í byrjun reyni ég að gíra aðeins niður en ég rek ekki á eftir enda eru þetta skemmtigöngur en ekki áætlunarferðir. Samt stansa ég á vissum áningarstöðum til að spjalla og bjóða upp á hressingu en staldra gjarnan við oftar ef hópurinn óskar þess. Mér finnst mikilvægt að fólk taki með sér minningar úr ferðunum og myndataka er til dæmis partur af þeim. Allir fá líka skriflegt vottorð að lokinni ferð og einn sem fór með mér á Esjuna sagðist ætla að hengja það hjá skjalinu frá Kilimanjaro. Það fannst mér fallegt.“

Guðrún Helga byrjaði sumarið á að stofna heimasíðuna www.mountainclimbing.is, taka meirapróf og kaupa litla rútu til að geta sótt ferðafélagana þangað sem þeir óska, innan höfuðborgarsvæðisins, og skila þeim þangað aftur. „Þeir sem fara á Helgafellið geta til dæmis hoppað úr í Hafnarfirði til að skoða bæinn, fara í Hellisgerði eða hvert sem er,“ bendir hún á. Hún býður líka upp á kvöldgöngur á fjöllin tvö og var reyndar með miðnæturgöngur í júní og frameftir júlí. Þær segir hún hafa mælst vel fyrir. „Útlendingar sem ekki upplifa björt kvöld í sínu heimalandi kunna vel að meta það að standa á fjallstoppi um miðnætti með víðan sjóndeildarhring.“ *gun@frettabladid.is*

Útsalan er hafin
20 – 50%
afsláttur af völdum vörum
Sængurfatnaður frá 4.980 kr.
Íslensk hönnun á enn betra verði.
Lín DESIGN
Lín Design • Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið
Sími 533 2220 • www.lindesign

1. -15% SMURVINNA
afsláttur af vinnu við smur!
2. Tilboð BÓN OG ÞVOTTUR
Alþrif og teflonbón á tilboðsverði!
3. -15% DEKK
afsláttur af sumardekkjum og jeppadekkjum!
ATH. OPIÐ Á LAUGARD. KL. 10-14
BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins
Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

**DRAUGAFERÐ** Þjóðsagnapersónur og draugar eru meginþema ferðar þar sem ekið er austur fyrir fjall, gegnum Selfoss og komið við í Gaulverjabæjarhreppi og á Stokkseyri. Síðan er ekið til baka á Selfoss. Sjá www.draugasetrid.is.



Bærinn sem Anna bjó á meðan hún var í verklega náminu, en staðurinn heitir Zumarraga. Anna fyrir miðri mynd og vinnuveitandi hennar Marijosé Jauregi til vinstri. MYND/GUNNAR H. GUÐMUNDSSON

# Sauðfjárbúskapur í fjallshlíðum Baskalands

**Anna Kristín Gunnarsdóttir stundaði nám við fjárhirðaskóla í Baskalandi á Norður-Spáni og segist hafa lært margt nytsamlegt af dvölinni. Nú dreymir hana um að verða bóndi og eignast jörð á Íslandi.**

„Þetta var alveg ótrúlega gaman og ég mæli með þessu fyrir alla sem hafa gaman af annarri menningu, öðrum tungumálum og þá sem vilja bara gera eitthvað öðruvísi,“ segir Anna Kristín Gunnarsdóttir, sem stundaði nám við fjárhirðaskóla í Baskalandi á Norður-Spáni fyrir þremur árum.

„Í Baskalandi er mikil hefð fyrir sauðfjárbúskap og þar eru kindurnar mjólkaðar. Þær hafa ekki mikla ull en gefa góða mjólk sem notuð er til að búa til osta en ostagerð er þekktasta búgrein Baskalands. Tilgangurinn með skólanum er að viðhalda þessari hefð og kenna umönnun sauðfjár og allt sem tengist því,“ segir Anna. „Baskar eru mjög skemmtilegir og sauðfjár- og sjávarútvegsfólk eins og við. Þeir eru mun líkari Íslendingum en fólk annars staðar á Spáni.“

Námið í skólanum tók sjö mánuði, þar af tíu vikur í bóklegu námi og svo verklegu námi þar sem farið var á bændabýli til að læra réttu handtökin.

„Skólinn var upprunalega stofnaður af munkum og er staðsettur uppi í fjalli í sveit í klukkutíma akstursfjarlægð frá borginni San Sebastian. Hann er nú rekinn af ríkinu en þar eru enn munkar sem kenna; þarna er klaustur og gríðarleg náttúrufegurð,“ segir Anna og bætir við að hún hafi verið eini útlendingurinn af sautján nemendum í skólanum það árið. Oft sæki Chile-menn á námsstyrkjum nám, þar sem mikill samgangur sé milli þeirra og Baska.

Ostagerð var í mestu uppáhaldi hjá Önnu sem segir fögin hafa verið miserfið. „Bóklega námið var ekkert erfitt en það verklega tók á bæði andlega og líkamlega. Þetta var mikil verkleg vinna og maður varð að fylgjast vel með, vera vakandi allan tímann og spyrja mikið. Svo tók sérstaklega á að tala tungumálið ekki fullkomlega en Baskarnir voru alveg tilbúnir að tala við mig á spænsku,“ segir Anna, sem er nú við nám í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri.

„Ég er búin með eitt ár og útskrifast eftir tvö með BS-gráðu



Kind af fjárkyninu Latxa í skjóli fyrir vindinum í hlíðum Txindoki fjalls.

í búvísindum. Ég gæti hugsað mér að gera ýmislegt við gráðuna, jafnvel blanda ostagerðinni þar inn. Svo er kennsla líka möguleiki eða rannsóknarstörf. Það væri nátturulega draumurinn ef ég gæti eignast jörð og gerst bóndi.“

*heidur@frettabladid.is*




teg. 5209 - flottur og heldur vel að í DE skálum á kr. 3.950,- buxur í stíl kr. 1.950,-



teg. 810858 - glæsilegur og létt fylltur í BC skálum á kr. 3.950,- buxur í stíl á kr. 1.950,-

MISTY
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178, 105 R
sími 551-3366 - **www.misty.is**
**Opið mán-fös kl. 10-18**
**Lokað á laugardögum í sumar**

vísir.is
„...ég sá það á vísi“







Rauðhellu 1 - 221 Hafnarfjörður - Sími 580 16 00 Fax 580 16 01
gtv@gtv.is - www.gtv.is

**Vélamenn, bílstjórar og verkamenn**

Vegna verkefna í Noregi vantar okkur vana vélamenn, bílstjóra og verkamenn til starfa. Einungis koma til greina starfsmenn með góða starfsreynslu. Góð laun í boði fyrir rétta menn.
**Sótt er um á heimasíðu félagsins www.gtv.is**

Geymslu- og dekkjahillur




í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið

Þessar hillur geta allir sett saman
Skrúfufrítt og smellt saman

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS

das HRAFNISTA

**Hrafnista Hafnarfirði**

**Hjúkrunarfræðingar**

Laus er staða hjúkrunarfræðings á næturvaktir frá 1. september n.k. Starfshlutfall samkomulag.

Laus er staða hjúkrunarfræðings á kvöld- og helgarvaktir. Starfshlutfall samkomulag.

**Upplýsingar gefur Alma Birgisdóttir í síma 585-95 00 eða 693-9564.**






## BÍLAR & FARATÆKI



Honda Civic 1.8 LS, 02/2006 Ekinn 45þús. ssk, Verð 2.050.000.-



MMC Outlander Intence Diesel, 08/2007 Ekinn 27þús. , Bsk, Álfelgur, Leður, ofl., Verð 4.190.000.- , Allt að 100% lán



BMW 730 Diesel, 07/2004 Ekinn 116þús., Ssk, Leður, Filmur, 20" álfelgur ofl., Verð 6.390.000.- TILBOÐ 4.990.000.-

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**



### Ódýr tjaldvagn

COMBI CAMP . Árgerð 1993, koja og segl fylgir, Verð 180.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is Skoðaður 2011.

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**



VW TOUAREG V6 BENSÍN Árgerð 2004, ekinn 94 þ.km, , Sjálfskiptur. Verð aðeins 2.990þ. Rnr.125890

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**



Óskum eftir Toyota Hilux bílum. Árgerðir 1988 til 2001. Bensín eða Dísel skiptir ekki máli. Erum með kaupendur. Upplýsingar og myndir af bílum má senda á toyotaselfossi@toyotaselfossi.is



Óskum eftir Toyota Hiace bílum. Árgerðir 1990 til 2000. Bensín eða Dísel skoðum bæði. Erum með kaupendur. Upplýsingar og myndir af bílum má senda á toyotaselfossi@toyotaselfossi.is



Óskum eftir Toyota Land Cruiser 90 bílum. Erum með kaupendur fyrir bíla sem að eru allt að 800.000 kr í verði. Upplýsingar og myndir af bílum má senda á toyotaselfossi@toyotaselfossi.is





Toyota Yaris Terra (136956) 5/2006, bensín, 5 gíra bsk, ekinn 92.000 km... Ásett verð 1.390 þús. Áhvílandi 1.090 þús. Fæst fyrir yfirtöku + 75.000 kr !

**Toyota Selfossi**
**Fossnes 14, 800 Selfoss**
**Sími: 480 8000**
**http://www.toyotaselfossi.is**

## Bílar til sölu



Mazda 323F 1.5 árg. '96 bsk. Ek. 209þ. Nýsk. '10, nýtt í bremsum, tímar., viftu og stýrisr. V 290þ. S. 864 4347.



### 4x4

HONDA HR-V. Árgerð 2003, ekinn 105 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 940.000. Bílabankinn S 588-0700 Uppl. í s. 693 5053.



### Tilboð

BMW 3. Árgerð 1999, ekinn 178 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 790.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is Tilboð!! 499.000-.



Opel Combo '01. Ek.85þ. Ný tímareim, púst og margt fleira. V.280þ. Uppl. í s. 898 8835.

Eðal M.Benz til sölu árg. 1980. Uppl. í s. 849 3230.

Golf '96. Ek. 132þ. Nýskoðaður. V.145þ. Mercedes Bens '02 Kompressor C200 V. 2.380 þús. Uppl. í s. 697 3297.

## 0-250 þús.

Ford Explorer Sport með öllu árg. '96 þarfnast smá viðgerðar. V. 150þ. S. 693 7141.

Renault megane 99 4 dyra ekinn 195 þús í góðu standi sk 10 verð 150000 S 8582864

Opel corsa 99 til sölu vsk bíll þarfnast smáviðg verð 120.000 uppl í s: 863 8855.

## 500-999 þús.



Dogde Caravan SE árg 02, ekinn 155 þkm, góður bíll 7 manna - Verð tilboð 850 þús uppl 899 4681 eftir 16:00

## Bílar óskast

### 0-150þ.

Helst ekki eldri en árg. '98. Má þarfnast lagfæringar eða skoðunar. S. 659 9696.

### !!! VANTAR BÍL Á 50- 200 þús!!

Má þurfa ad laga , vera númerslaus, ljotur eða bara í fínu standi. Hringið strax í s. 894 6383.

Óska e.að kaupa til niðurrifs gamla Peugeot, Daewoo og Merced.Benz bíla. Nánari uppl.í s. 661 2222.

Óska eftir ssk. station bíl á 150þ. stgr. Uppl. í s. 822 4943.

## Jeppar

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

## Vörubílar

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

## Mótorhjól



Til sölu BMW F 650 GS Twin - 2008. Topphjól með hita í handföngum, ABS bremsum, hlífðarpönnu, hærri rúðu og grindum fyrir töskur. (töskur fylgja ekki). Verð kr. 1.700.000,-Ekkert áhvílandi. Frábært mótorhjól fyrir íslenskar aðstæður. Upplýsingar í síma 896 1312.

## Fellihýsi



Palomino Yearling 2003 11fet til sölu. Sk. 11. Fortjald, svefntjöld, ískápur ofl. S. 898 1180.

Vantar Palomino Colt árgerð 1998 til 2000. Uppl. í síma 893-2187 eða 893-5300

### Til sölu Coleman '98

Vel með farinn vagn m. sólarsellu, fortjaldi, nýl. dýnur og rafgeymi og 2 gaskútar. Sk. í sumar. V. 450þ kr. uppl. S: 896 8689

## Bátar

Rúmlega 6 tonna trilla til sölu. Tilboð óskast. Upp. í s. 849 3230.

Óska eftir að kaupa björgunarvesti fullorðins og barna. Einnig ankeri fyrir 6m vatnabát. S: 8257216

## Bílaþjónusta





## Hjólbarðar

2 stk. 235/50 18" á 15þ. 3 stk. 175/70 13" á Golf felgur á 10þ.1 stk 31/10,5 15" á 6gata felgu á 6þ. 3 stk. 175/70 13" á álfengum á 10þ. 4 stk. 265/65 17" á 15þ. 4 stk. 235/75 15" á 5 gata álfelgum á 20þ. S. 896 8568.

Til sölu mjög góð nagladekk 215/70 x 15. Verð 25 þús. S. 772 5290.

## Varahlutir

Er að rífa Toyota Yaris '00, Corollu Hatcback '96, Escord '98. Accent árg. '95. Impreza árg. '99. S. 896 8568.

### Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

### 555 6666

VW Bora, Golf, Passat, Cati, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

### Bílapartar ehf S. 587 7659.

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

### Netpartar-Partasala S. 772 6010

Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla! www.netpartar.is

### VW, Skoda S. 534 1045

Varahlutir í VW og Skoda bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

## Viðgerðir





## ÞJÓNUSTA

## Veislusalir

Leigjum veislusal, með eða án veitinga. Rúmar 120 manns í sæti. S. 896 1250.

## Hreingerningar









Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

## Garðyrkja

**Gröfuþjónusta Auberts.**
**Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnýjun í drenn og klóaklögnum.**
**Sími 892 1663.**





### Pallahönnun/ Garðahönnun

Sendið teikningar og ljósmyndir af húsinu, sumarbústaðnum eða sveitabýlinu og ég teikna upp pallinn og/eða garðinn í 3vídd og grunn. Lifandi teikningar og áratuga reynsla. Lóðalist ehf. Bjarnheiður Erlendsdóttir S: 699-2464 Netf: 2shadows@internet.is.

### Sumarklippingar!

Runnaklippingar, trjáfellingar, snyrting á trjágróðri. Alhliða umhirða garða.

Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur.

S. 848 1723.

Tökum að okkur alla almenna umhirðu garða. Sláttu-og garðaþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

Hef innan handa ca. 2 rm2. af nýjum garðyrkjuvörum sem hægt er að endurselja. Uppl. í s. 820 8408.

Smágröfuþjónusta, hellulagnir, drenlagnir og öll almenn lóðavinna. Vönduð og góð vinnubrögð. Erum með vörubíl með krana. SS Hellulagnir. 691 8907. Sjá nánar á www.sshellulagnir.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bókhald, skattamál, laun, stofnun fyrirtækja, ofl. Vönduð vinna, hagstætt verð. s. 892 5784

Þarf að kæra álagninguna ?? Framtöl, bókhald, VSK uppgjör, stofnun EHF o.fl. S 517-3977 framtal@visir.is

## Fjármál





Gjaldþrotaráðgjöf, líf eftir gjaldþrot - hvað gerist ef þú hættir að borga? Greiðsluaðlögun, skattamál, stofnun fyrirtækja atoz@atoz.is s. 588 4545.

## Málarar





Málarar geta bætt við sig verkefnum, stórum sem smáum, hagstæð kjör! Uppl. í s. 773 0317.

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

### Eru fleiri á leið til

Vantar pláss í gámi sem fer til Noregs um mán.mótin ágú-sept. Uppl. í s. 893 1577 & 899 8191.

### Búslóðaflutningar

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald





**Caelum verktakar**
**Reykjavík og nágrenni**

**Hellulagnir, þökulagnir, klóaklagnir, drenlagnir, múrviðgerðir, flísalagnir og allt því tengt, berum á sólpalla, garðúðun, grassláttur og margt margt fl. Fagleg og góð þjónusta. Tökum að okkur stór og smá verk. Tilboð að kostnaðarlausu. Uppl. í síma 820 8888.**

**Dren og skolplagnir**
**Tökum að okkur endurnýjun á fráveitulögnum ásamt jarðvegsskiptum og lóðafrágangi fyrir einstaklinga og húsfélög. Föst verðtilboð. Traust þjónusta, vanir menn.**
**Jarðkraftur, Karel s. 892 7673 & Þórarinn s. 868 4043.**

**Fagþjónusta - Allt á einum stað**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, málningu, parketlögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur niðurrif úr húsum og múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Tímavinna eða tilboð. Upplýsingar í síma 899 2420**
**Steingæði ehf.**









### Húsaviðgerðir

Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

### Húsaviðhald!

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

### Lekur þakið ?

Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

Þarf að skipta um rennur, glerja eða mála þakið? Tilboð/tímavinna. S. 553 2171.

### Pípulagnir

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069.

## Tölvur

### Tölvuviðgerðir - vírushreinsanir - Gagnabjörgun

Geri við allar tegundir. 15 ára reynsla og microsoft vottun.Ríkharður - Miðnet ehf - S. 6152000

## Nudd

LUXURY WHOLE BODY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME 8476555

TANTRIC WHOLE BODY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME 8698602

## Spádómar

**Lára spámiðill**
**Verður með einkatíma í Reykjavík frá 15 ágúst - 20 ágúst.**
**Lára spámiðill s. 863 1987.**

# JEVA TÖSKUR Á GAMLA VERÐINU!





**Við bjóðum frábært úrval af hinum vönduðu og endingargóðu Jeva töskum og pennaveskjum á sama verði og í fyrra, en aðeins í takmarkaðan tíma.* Notaðu tækifærið, fáðu Jeva tösku á frábæru verði hjá Eymundsson um land allt.**





*Tilboð gildir frá 04.08.09 til og með 09.08.09

eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

**MARILYN MONROE LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1962.**

*„Draumurinn um að verða leikkona er meira spennandi en að vera leikkona.“*

***Marilyn Monroe var bandarísk leikkona og er eitt mesta kyntákn sögunnar.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 5. ÁGÚST ÁRIÐ 1967

## *Fyrsta plata Pink Floyd kom út*

Þennan dag árið 1967 kom fyrsta breiðskífa Pink Floyd, The Piper at the Gates of Dawn, út í Bretlandi en hún er af mörgum talin ein af áhrifamestu plötum sem nokkru sinni hafa verið gerðar og hafði hún mikil áhrif á sýrurokkstefnuna sem á eftir kom.

Pink Floyd var upp á sitt besta á áttunda áratugnum og er með áhrifameiri sveitum allra tíma en Dark Side of the Moon og The Wall eru með frægari plötum nútímans.

Hljómsveitin á rætur sínar að rekja til ársins 1964 en



þá stofnuðu skólafélagarnir Roger Waters, Richard Wright og Nick Mason hljómsveit sem hét Sigma 6. Þeim gekk ekki vel að koma sér á framfæri og skiptu oft um nafn á sveitinni eða þangað til Roger skipti af gítar yfir á bassa og þeir fengu gítarleikarann Syd Barret til liðs við sig. Hann stakk upp á því að nafni hljómsveitarinnar yrði breytt og kom fyrsta platan út undir hans stjórn. Skömmu síðar tók David Gilmour þó við gítarleiknum þar sem Barret átti við eiturlyfjavanda að stríða og staldraði því stutt við.

**MERKISATBURÐIR**

**1305** Englendingar taka skosku frelsishetjuna William Wallace höndum.
**1874** Þjóðhátíð hefst á Þingvöllum í tilefni af 1.000 ára Íslandsbyggð. Hún stendur í fjóra daga.
**1919** Fyrsti knattspyrnuleikur gegn erlendu knattspyrnuliði er leikinn í Reykjavík. Úrval úr Val og Víkingi leikur gegn danska liðinu AB, sem sigrar 7:0.
**1956** Hraundrangi í Öxnadal er klifinn af tveimur Íslendingum og einum Bandaríkjamanni en hann hafði fram að því verið talinn ókleifur.
**1960** Búrkína Fasó fær langþráð sjálfstæði frá Frökkum.



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður María Tómasdóttir**
frá Sandeyri,

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum sunnudaginn 2. ágúst.

**Sigurborg Sigurbjörnsdóttir**
**Kolbeinn Sigurbjörnsson** **Helga Jónsdóttir**
**Tómas Sigurbjörnsson** **Kristín Nanna Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, langalangamma og langalangalangamma,*

**Laufey Þorgeirsdóttir**
áður til heimilis Flókagötu 9, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 31. júlí. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Louise Kristín Theodórsdóttir**
**Hlíf Theodórsdóttir** **Baldur Sæmundsson**
**Þorgeir Theodórsson** **Birna Björnsdóttir**
**Guðmundur Ægir Theodórsson** **Ingveldur Ragnarsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn, barnabarnabarnabörn, barnabarnabarnabarnabarn.**



*Elskuleg móðir mín og systir okkar,*

**Unnur Ketilsdóttir**
frá Ísafirði, Kleppsvegi 120, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli við Kleppsveg laugardaginn 1. ágúst. Útförin auglýst síðar.

**Auður Bjarnadóttir**
**Ása Ketilsdóttir**
**Dóra Ketilsdóttir**
**Guðmundur Ketilsson**
**og fjölskyldur.**



*Elskulegur eiginmaður minn, fósturfaðir, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Björgvin Leonardsson**
Völvufelli 29, Reykjavík,

lést á heimili sínu laugardaginn 1 ágúst. Jarðarförin auglýst síðar.

**Natasa Jefimova**
**Dmitrij Devjatov**
**Ásta Hrönn Björgvinsdóttir** **Guðjón Steindórsson**
**Jóhann Björgvinsson** **Ásthildur Sverrisdóttir**
**Erla Björg B. Þorkelsson**
**Halla B. Þorkelsson** **Sigurður G Sigurðarson**
**Emma Agneta Björgvinsdóttir**
**afa og langafabörnin.**



**LITIÐ YFIR FARINN VEG** Jórunn Frímannsdóttir mun, í félagi við eldri Þróttara og fyrrum leikmenn, huga að sögu félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ ÞRÓTTUR: FAGNAR 60 ÁRA AFMÆLI

# Mikilvægt að vera stolt af liðinu

Knattspyrnufélagið Þróttur fagnar 60 ára afmæli í dag en það var stofnað hinn 5. ágúst árið 1949. Í tilefni dagsins verður farið að leiði Halldórs Sigurðssonar, fyrsta formanns félagsins og annars stofnenda þess, auk þess sem afhjúpuð verður af honum brjóstmynd í Þróttaraheimilinu. Þá verður boðið upp á kaffi og með því og eru eldri Þróttarar og fyrrum leikmenn boðnir sérstaklega velkomnir.

Saga félagsins, sem státar af knattspyrnu-, handbolta-, blak- og tennisdeild, er merkileg fyrir margar sakir en hún hófst í bragga við Ægissíðuna. „Síðar var félagið á götunni í nokkur ár eða þar til Geir Hallgrímsson, þáverandi borgarstjóri, úthlutaði því lóð við Sæviðarsund árið 1969. Þar var félagið í tuttugu ár eða þar til það flutti í núverandi húsnæði að Engjavegi 7,“ segir Jórunn Frímannsdóttir, formaður félagsins. Halldór og Eyjólfur Jónsson, síðar lögreglumaður og sundkappi, stofnuðu félagið en gaman er að geta þess að Halldór er fyrirmyndin að Tomma í bókum Einars Kárasonar um Djöflaeyjuna.

Jórunn segir að ávallt hafi verið lögð rík áhersla á barna-, unglinga- og foreldrastarf í Þrótti og að það veiti félaginu ákveðna sérstöðu. „Það er ekki síður mikilvægt að huga að börnum og forvörnum nú á tímum og finna leiðir til að börn og unglingar detti ekki út úr íþróttastarfi,“ segir Jórunn og þykir henni starfið því afar gefandi. Því fylgir þó talsverð vinna og þá sérstaklega á afmælisári.

„Við byrjuðum á því að gefa út afmælisrit sem var dreift í öll hús í Laugardalnum og héldum svo sérstaklega veglega vorhátíð í tengslum við fyrsta heimaleik Þróttar. Í dag hugum við að sögunni og eldri Þrótturum og hinn 11. september verður gala-kvöldverður á Brodway þar sem meðal annars verða veittar heiðursviðurkenningar.“

Jórunn segir mikið kapp lagt á að fótboltaliðið haldist í fyrstu deild en það telur hún afar mikilvægt fyrir félagið. „Það skiptir miklu máli að yngri krakkarnir geti litið upp til liðsins og verið stoltir af því og þá sérstaklega þegar þeir fara að eldast innan félagsins.“

Gengið verður að leiði Halldórs Sigurðssonar í Fossvogskirkjugarði klukkan 14. en brjóstmyndin verður afhjúpuð í Þróttaraheimilinu klukkan 16.

**vera@frettabladid.is**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Bergsteinn Georgsson**
héraðsdómslögmaður,

sem varð bráðkvaddur á heimili sínu þann 30. júlí síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni föstudaginn 7. ágúst nk. Athöfnin hest kl. 11.00.

Fyrir hönd aðstandenda
**Unnur Sverrisdóttir**
**Sverrir Bergsteinsson** **Díanna Dúa Helgadóttir**
**Unnur Ásta Bergsteinsdóttir**
**Viktor Steinn Sverrisson**



*Okkar hugljúfa eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Mary Alberty Sigurjónsdóttir**
hjúkrunarkona, Faxatúni 32, Garðabæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Holtsbúð mánudaginn 3. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

**Jón Fr. Sigvaldason**
**Ragnheiður Edda Jónsdóttir** **Guðmundur Þór Kristjánsson**
**Líney Rut Guðmundsdóttir**
**Jón Grétar Guðmundsson**

# Gistiheimili á Bakkafirði

Fyrsta gistiheimilið á Bakkafirði var opnað fyrir skömmu. Það er í Lindarbrekku sem stendur skammt utan við þorpið.

„Veiðifélag hefur tekið gistiheimilið á leigu að hluta til,“ segir Baldur Öxdal, eigandi Lindarbrekku sem er gamall bóndabær. „Þegar gott er veður hér eru helmingslíkur á að sjá hvali fyrir utan, bæði stóra og smáa,“ segir Baldur og bætir við að hann sjái hvali næstum annan hvern dag.

Inntur eftir því af hverju Baldur hafi viljað opna gistiheimili á Bakkafirði segir hann: „Mig langaði að opna gistiheimili í gamla góða Íslandi. Gamla góða Ísland fyrir mér er að keyra á milli bæja og á landinu eru engir sumarbústaðir en þessi gamla yndislega stemning.“



MYND/ÚR EINKASAFNI

**NIÐRI VIÐ SJÓ** Þegar gott er veður við Lindarbrekku er auðvelt að sjá hvali fyrir utan.

Baldur segist telja að ástæða þess að ekki hafi verið rekið gistiheimili áður í Bakkafirði sé sú að svæðið er afskekkt. „Vegir hafa verið lélegir inn á Norðvesturlandið þannig að margir hafa keyrt fram hjá og eiga eftir að átta sig á því hvers konar paradís þetta er. Það hefur líka verið mjög sterk ferðaþjónusta á Húsavík og Mývatni.“

# Í hlaðvarpanum

Kristín Halla Baldvinsdóttir fornleifafræðingur gengur með gestum um hlaðvarpa Nesstofu á Seltjarnarnesi í dag klukkan 15.30. Hún segir frá fornleifum sem þar leynast og helstu niðurstöðum rannsókna sem þar hafa farið fram og hún hefur tekið þátt í.

Nesstofa var byggð á árunum 1761 til 1767 sem embættisbústaður landlæknis og er eitt af elstu húsum landsins. Hún er í umsjá Lækningaminjasafns Íslands, er opin alla daga milli klukkan 13 og 17 og er aðgangur ókeypis. Leiðsögn um hana er jafnan á miðvikudögum klukkan 15.30.

Auk Kristínar Hönnu munu þær Nathalie Jacqueminet forvörður, Guðrún Harðardóttir sagnfræðingur og Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir sagnfræðingur miðla af fróðleik sínum um byggingar- og viðgerðarsögu Nesstofu og um búsetu í Nesi.

Nánar má lesa um dagskrána á www.laekningaminjasafn.is.



**FORNFRÆGT HÚS** Nesstofa var byggð á árunum 1761 til 1767.

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Guðjóns Björgvins Jónssonar**

Hörðukór 1, Kópavogi, áður Selbraut 3, Seltjarnarnesi.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á krabbameinsdeild 11-E á Landspítalanum og Líknardeild Landspítalans í Kópavogi fyrir einstaka og einlæga umönnun.

**Bryndís Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Guðjónsson** **Ásta Katrín Vilhjálmsdóttir**
**Kristinn Guðjónsson** **Soffía Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Maðurinn minn og faðir okkar,*

**Þorgrímur Þórðarson**

Hlaðbæ 1, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 6. ágúst kl. 15.00.

**Jónína B. Thorarensen**
**Bergrós Þorgrímsdóttir**
**Pétur Þorgrímsson**
**Haukur Þ. Þorgrímsson**
**Bjarni Þorgrímsson**
**og fjölskyldur.**

---

*Ástkær faðir okkar og afi*

**Reg Yates**

lést miðvikudaginn 29. júlí.

**James Gestur Yates**
**Anna Hólmfríður Yates**
**Vala Sigríður Guðmundsdóttir Yates**
**Rögnvaldur Guðmundsson**
**Ari Hlynur Guðmundsson**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför áskærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðbjargar Guðlaugsdóttur**

frá Vík, síðast til heimilis að Grænumörk 5, Selfossi.

**Ólafur Friðrik Ögmundsson**
**Ögmundur Ólafsson** **Helga Halldórsdóttir**
**Alda Guðlaug Ólafsdóttir**
**Lilja Guðrún Ólafsdóttir** **Björn Friðriksson**
**Erna Ólafsdóttir** **Eyjólfur Sigurjónsson**
**Guðlaugur Jón Ólafsson** **Angela Rós Sveinbjörnsdóttir**
**Baldur Ólafsson** **Kristín Erna Leifsdóttir**
**Halla Ólafsdóttir** **Guðni Einarsson**
**Jón Geir Ólafsson** **Ólöf Ragna Ólafsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



*Elskuleg systir, mágkona og móðursystir,*

**Margrét Björnsdóttir**

fædd á Vopnafirði 1. júlí 1916,

lést að heimili sínu, Furuset Sykehjem í Oslo þann 17. júlí sl. Hún var jarðsett í Hojbraaten kirkjugarði í Oslo, að eigin ósk og fór athöfnin fram 29. júlí.

**Birna Björnsdóttir** **Axel Jóhannesson,**
**Ásdís, Björn, Steingerður og Jóhannes Axels börn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir og afi,*

**Friðrik Pétursson**

fv. kennari, Borgarholtsbraut 20, Kópavogi,

lést á Landspítalanum, Fossvogi að morgni fimmtudagsins 30. júlí. Útförin verður auglýst síðar.

**Jóhanna Herdís Sveinbjörnsdóttir**
**Ríkharður H. Friðriksson**
**Jóhanna Vigdís Ríkharðsdóttir**
**Kristín Helga Ríkharðsdóttir**

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnlaugur M. Jónasson**

Hátúni, Skagafirði,

lést á deild 5, Dvalarheimili aldraða á Sauðárkróki föstudaginn 31. júlí. Útförin fer fram frá Glaumbæjarkirkju miðvikudaginn 12. ágúst kl 14.00.

**Ragnar Gunnlaugsson**
**Jón Gunnlaugsson** **Jónína Stefánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Finnbogadóttir**

verður jarðsungin frá Bústaðakirkju í dag miðvikudag 5. ágúst kl. 13.00.

**Helgi Elíasson**
**Finnbogi Helgason** **Elísabeth Snorradóttir**
**Guðbjörg Helgadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Okkar ástkæri,*

**Konráð Bjarnar Pétursson**

Fannafold 73, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítala Landakoti 1. ágúst. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á líknardeild Landspítala Landakoti.

**Indíana Sólveig Jónsdóttir**
**Sölvína Konráðs** **Garðar Garðarsson**
**Sigríður Konráðsdóttir** **Árni Guðmundsson**
**Stefán Konráðsson** **Valgerður Gunnarsdóttir**
**Sigrún Bouius**
**Sólrún Sævarsdóttir** **Guðmundur Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Okkar kærleiksríka eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Eygló Markúsdóttir**

Álfaskeiði 43, Hafnarfirði, áður bóndi á Ysta Bæli, Austur Eyjafjöllum, er látin.

**Sveinbjörn Ingimundarson**
**Örn Sveinbjarnarson** **Guðrún Ólöf Guðmundsdóttir**
**Sigurður Ingi Sveinbjarnarson**
**Markús Gunnar Sveinbjarnarson** **Selma Filippusdóttir**
**Ingimundur Sveinbjarnarson** **Guðrún le Sage de Fontenay**
**Hrafn Sveinbjarnarson** **Anna Dóra Pálsdóttir**
**Ester Sveinbjarnardóttir** **Magnús Sigurðsson**
**Helga Sif Sveinbjarnardóttir** **Haukur Örn Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og systir,*

**Marta Jónsdóttir**

Möðruvallastræti 4, Akureyri,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Eir, aðfaranótt föstudagsins 31. júlí, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju, miðvikudaginn 12. ágúst klukkan 13.30.

Fyrir hönd fjölskyldunnar
**Kristín Huld Harðardóttir**
**Egill Eðvarðsson**
**Elsa Friðrika Eðvarðsdóttir**
**Jón Guðlaugsson**
**Hjörleifur Einarsson**
**Unnur Jónsdóttir**





SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

**Embætti fiskistofustjóra er laust til umsóknar**

Embætti fiskistofustjóra er laust til umsóknar með skipunartíma frá 1. september 2009 til fimm ára.

Fiskistofa starfar samkvæmt lögum nr. 36/1992 um Fiskistofu. Ennfremur eru Fiskistofu falin verkefni í lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum nr.79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, lögum nr. 58/2006 um fiskirækt og fleiri lögum ásamt reglugerðum er lúta að stjórnsýslu á sviði fiskveiða, lax- og silungsveiða og fiskeldis.

Fiskistofustjóri ber ábyrgð gagnvart sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á rekstri Fiskistofu.

Gerð er krafa um háskólamenntun, og sérstaklega er æskilegt að umsækjendur hafi staðgóða þekkingu á fiskveiðistjórnun og stjórnsýslureglum og reynslu af stjórnsýslu. Laun eru ákveðin af kjararáði.

Skriflegar umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu fyrir 20. ágúst 2009.

Nánari upplýsingar gefur Sigurgeir Þorgeirsson ráðuneytisstjóri.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun hefur verið tekin.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið






**NOKKUR ORÐ**
Kolbrún Björt Sigfúsdóttir

# *Mikilvægi þess að þekkja rétta fólkið*

Meghan Daum skrifaði um það í tímaritið Black Book hvernig það að sleikja sig upp við fólk fór að heita að búa sér til tengslanet. Á stuttum tíma hætti fólk að vera smeðjulegt og falskt þegar það tróð sér upp á annað fólk í von um að það myndi koma því vel seinna meir. Þetta varð eðlilegur hluti af samskiptum fólks. Ef maður getur ekki látið nokkur fræg nöfn í símaskrána er maður á rangri leið í lífinu. Ef maður reynir ekki að ota sínum tota er maður metnaðarlaus.



Ég á persónulega mjög erfitt með innantómt spjall við fólk sem ég þekki ekki neitt. Ég get ekki hrósað fólki nema ég meini það og ég vil ekki standa á barnum bara til að ná mikilvægu fólki á þeim tímapunkti sem það er móttækilegast fyrir hugmyndum mínum. Með öðrum orðum, ég er léleg í að mynda mér tengslanet.

Ég þekki þó minn skerf af „réttu fólki“ og ef til þess kemur þá hika ég ekki við að gera það sem allir gera, notfæra mér einmitt það. Allt frá því sumarið fyrir áttunda bekk hef ég gert mér grein fyrir því að þeir sem þekkja einhvern fá betri vinnu. Ísland er ekki land tækifæranna, heldur tengslanna.

Ég veit samt ekki hvern maður þarf að þekkja til að fá hundruð milljarða í lán fyrir lofti. Ég heiti ekki réttu karlmannsnafni, ég hef aldrei átt banka. Ég hef ekki hugmynd um hvernig maður yfir höfuð kemst í þá stöðu að geta rústað efnahag heillar þjóðar. Hverja þarf maður að sleikja upp? Við hvern talar maður? Ég hlýt að hafa misst af mikilvægu minnisblaði einhvers staðar. Sumir eru greinilega betur tengdir en aðrir.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# SKIPTI TÖSKU MARKAÐUR

## MEÐ JEVA TÖSKUR






### SPARAÐU Á SKIPTITÖSKUMARKAÐINUM!

Við tökum á móti notuðum Jeva töskum sem hægt er að nota áfram. Fyrir vel með farin eintök færðu 3000 króna inneign sem þú getur notað til að kaupa nýja vandaða Jeva tösku, nú eða bækur og ritföng.

**Skiptitöskumarkaðurinn er í Smáralind, Hallarmúla og verslunum okkar á landsbyggðinni.**



eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

NÝTT Í BÍÓ!




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| CROSSING OVER | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5 - 8 - 10.10 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR LÚX | kl. 5 - 8 | 16 |
| ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 3D | L |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| ICEAGE 3 ENSKT TAL - ÍSL. TEXTI | kl. 3.30 - 5.45 - 8 | L |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 8 - 10.50 | 10 |

**HÁSKÓLABÍÓ** SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| FUNNY GAMES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 7.30 - 9 - 10.30 | 16 |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 5.50 | L |

**BORGARBÍÓ** SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 9 | 16 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | L |
| THE HURT LOCKER | kl. 8 - 10.15 | 16 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| CROSSING OVER | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5.30 - 8.30 | 16 |
| THE HURT LOCKER | kl. 5.15 - 8 - 10.45 | 16 |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 5.50 - 8 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 10.10 | 14 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




**LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR**

| | | |
|---|---|---|
| PUBLIC ENEMIES | kl. 4, 7 og 10-P | 16 |
| FIGHTING | kl. 8 og 10.10 | 14 |
| HARRY POTTER | kl. 4 | 10 |
| MY SISTER'S KEEPER | kl. 8 og 10.10 | 12 |
| ÍSÖLD 3 - Íslenskt tal | kl. 4 og 6 | L |




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | |
|---|---|
| PUBLIC ENEMIES kl. 5 - 8D - 10:50D digital | 16 |
| PUBLIC ENEMIES Sýnd í Lúxus VIP kl. 2 - 8 - 10:50 | VIP |
| G-FORCE - 3D M/ ísl. tali Sýnd kl. 2(3D) - 4(3D) - 6(3D) | L |
| THE PROPOSAL kl. 1:20 - 3:30 - 5:40 - 8 - 10:20 - 11 | L |
| HARRY POTTER kl. 1:20 - 2 - 5 - 8 - 10:10 | 10 |
| HARRY POTTER Sýnd í Lúxus VIP kl. 5 | VIP |
| BRUNO SÝND kl. 8 | 14 |
| THE HANGOVER Sýnd kl. 8 - 10:20 | 12 |
| TRANSFORMERS 2 Sýnd kl. 2 - 5 | 10 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| PUBLIC ENEMIES | kl. 8 - 11 | 16 |
| G-FORCE - 3D m/ísl.tal | kl. 6 | L |
| HARRY POTTER 6 | kl. 5 | 7 |
| THE PROPOSAL | kl. 8 - 10:20 | L |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | |
|---|---|
| PUBLIC ENEMIES Sýnd kl. 8D - 10:50D | 16 |
| G-FORCE - 3D M/ ísl. Tali kl. 2(3D) - 4(3D) - 6(3D) | L |
| G-FORCE - 3D M/ Ensk. Tali Sýnd kl. 6 (3D) | L |
| THE PROPOSAL kl. 1:30D - 3:40D - 8D - 10:20D | L |
| HARRY POTTER Sýnd kl. 2 - 5 - 8 | 10 |
| BRUNO Sýnd kl. 11 | 14 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| PUBLIC ENEMIES | kl. 8 - 10:50 | 16 |
| G-FORCE - 3D m/ísl.tal | kl. 6 | L |
| HARRY POTTER 6 | kl. 5 | 7 |
| THE PROPOSAL | kl. 8 - 10 | L |

KYNNTU ÞÉR SÝNINGARTÍMA Á SELFOSSI Á WWW.SAMBIO.IS


# Snillingar framtíðarinnar koma saman

Fremsta píanódúó Noregs, Duo Artica, sækir Ísland heim á Tónlistarhátíð unga fólksins í Salnum Kópavogi. Þá býður hátíðin velkominn Benedict Klöckner sellóleikara frá Þýskalandi. Benedict er margverðlaunaður, bæði í Þýskalandi og Svíþjóð og hafa upptökur með honum verið gefnar út víða.

Hátíðin hófst í gær og stendur til 16. ágúst. Eru hinir tvítugu píanósnillingar, auk fjölda ungra íslenskra tónlistarmann, þeirra á meðal Víkingur Heiðar Ólafsson, á dagskránni.

Einn hápunkta hátíðarinnar er án efa 200 ára afmælistónleikar Felix Mendelssohn, annað kvöld.

Elfa Rún Kristinsdóttir og Víkingur Heiðar spila svo á sunnudaginn. Fimmtudaginn 13. ágúst eru svo Kammertónleikar kennara, en ítarleg dagskrá námskeiða fylgir hátíðinni og taka um 80 ungmenni þátt í þeim. Benedict spilar með Duo Artica og Elfu Rún föstudaginn 14. ágúst en Duo Artica er eitt með tónleika þann 11. Hátíðinni lýkur svo með Aríukvöldi 16. ágúst. -kbs



**SÝNT SIG OG SANNAÐ** Víkingur Heiðar er stolt Íslands og Tónlistarhátíðar ungs fólks.

# Nýtt íslenskt á Pottþétt 50

**Fimmtugasta Pottþétt skífan er komin út. Að vanda er reynt að fanga það ferskasta í tónlistinni í dag á plötunni. Meðal íslenskra laga eru Kónguló með Hafdísi Huld, Add this song með Gus Gus, Í hjarta þér með Sigríði Thorlacius & Heiðurspiltum auk nýrra laga eftir Feldberg, Láru, SSSól, Hjálma og hip hop sveitina Fallega menn.**

**Fyrsta Pottþétt platan kom út árið 1995 en á henni var einmitt SSSól með lagið Mér er svo kalt. Þá má nefna slagara Jet Black Joe, I Know, og man einhver eftir Bleeding Like a Star með Cigarette?** -kbs



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**SÓLÓ** Sigríður Thorlacius á lag á Pottþétt 50.

# Glimmerbomba og baðföt

**Draggkeppnin stækkar með hverju árinu og „brýtur eigin ramma“ í ár samkvæmt Georgi Erlingssyni Merritt, umsjónarmanni keppninnar. Keppendur eru ekki af verri endanum, en þeir spreyta sig í kvöld, meðal annars í baðfatnaði.**

„Þetta verður stærsta keppni sem hefur nokkru sinni verið,“ segir Georg um Draggkeppni Íslands sem haldin verður í Íslensku óperunni í kvöld. Þar keppa Simon E. C. Larsen, Hrönn Svansdóttir, Þórir Kristinn Guðmundsson, Fjóna Fransiska Ford, Gísli Friðrik Sigurðsson, Elín Björg Pétursdóttir, Elis Veigar Ingibergsson, Jónína Sigríður Grímsdóttir og Atli Freyr Arnarson. Bregða þau sér í allra kvikinda líki, frá fyrrverandi auðkýfingi sem gerðist bóndi til Lady HoHo sem gæti kennt nöfnu sinni Gaga sitthvað.

„Það eru æðislegir keppendur í ár. Keppendurnir í fyrra voru geggjaðir en þeir eru enn þá betri núna. Það eru svo fjölbreytt atriðin. Fólk á eftir að vera bara „guð minn góður, hvað kemur næst?“.“

Þemað í fyrra var draugagangur í Óperunni. „Í ár fannst mér sniðugast að fara bara með keppnina aftur í rætur hennar. Þegar þessar keppnir hófust þá var svolítið verið að gera grín að fegurðarsamkeppnum. En kóngarnir hafa aldrei fengið að taka þátt í því sniði. Okkur datt í hug að það væri skemmtilegt að sjá kóngana koma fram á baðfatnaði. Þetta verður ógeðslega fyndið.“ Hann segir megináherslu því lagða á skemmtanagildi og það að kitla hláturtaugarnar.

Gestum verður hleypt inn frá klukkan átta og kostar miðinn 2.400 krónur, en miðasalan opnar klukkan tvö. kbs@frettabladid.is



**FJÖLBREYTT** Keppendur í Draggkeppninni eru gjarnan af öllum stærðum og gerðum. Hér má sjá keppanda í fyrra skarta sínu fegursta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Miðvikudagur 05. ágúst 2009

### Tónleikar

**12.00 Kári Allansson organisti og Einar Örn Einarsson söngvari** flytja íslensk og trúarleg verk á oregleandakt í Kristskirkju í Landakoti. Aðgangur er ókeypis.

**12.00 Kammerkór Hallgrímskirkju, Schola cantorum,** flytur íslenskar og erlendar kórperlur á hádegistónleikum í Hallgrímskirkju við Skólavörðuholt.

**19.00 Lester Young Tribute Band ásamt Hauki Gröndal,** flytja swingtónlist á tónleikum í Iðnó við Vonarstræti.

**21.00 Bubbi Morthens og Hafdís Huld** koma fram á tónleikum á Rósenberg við Klapparstíg. Þau munu flytja sitt hvort tónleikaprógrammið og spila svo saman nokkur lög.



**21.00 Aaron Thomas** heldur tónleika ásamt Helga Hrafni Jónssyni á Kaffibarnum við Bergstaðastræti. Aðgangur er ókeypis.

**21.00 Hvanndalsbræður** verða í Félagsmiðstöðinni Víkurröst á Dalvík.

### Sýningar

**Á listasafni ASÍ** við Freyjugötu 41, stendur yfir sýning á verkum listamannanna Jóns Stefánssonar, Jóhannesar S. Kjarval og Svavars Guðnasonar. Opið alla daga nema mánudaga kl. 13-17 og aðgangur er ókeypis.

**Sýningin „Börn í 100 ár“** stendur yfir í Safnahúsi Borgarfjarðar við Bjarnarbraut í Borgarnesi. Þar er saga Íslands á 20. öld sögð út frá sjónarhóli barna í landi í ljósmyndum.

**Halldóra Helgadóttir og Guðrún Halldórsdóttir** hafa opnað samsýninguna „Nattúra og mannlíf“ í Ketilhúsinu við Kaupvangsstræti á Akureyri. Opið daglega kl. 13-17.

### Leikrit

**18.00 Leikhópurinn Lotta** sýnir „Rauðhettu“, nýtt íslenskt leikrit með söngvum. Í dag fer sýningin fram í Indíánagili í Elliðaárdalnum.

### Leiðsögn

**15.30 Krístín Halla Baldvinsdóttir** leiðir gesti um hlaðvarpa Nesstofu á Seltjarnarnesi og segir frá fornleifum og niðurstöðum rannsókna sem hafa farið fram. Nesstofa er opin alla virka daga í sumar kl. 13-17 og aðgangur er ókeypis.

### Pub Quiz

**20.00** Fótbolta Pub Quiz Sammarans verður haldið á Enska Barnum við Austurstræti 12. Vegleg verðlaun og aðgangur ókeypis. Nánari upplýsingar á www.sammarinn.com.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

NAOMI WATTS TIM ROTH MICHAEL PITT

# FUNNY GAMES

MYND EFTIR MICHAEL HANEKE NÝSLEGINN SIGURVEGARA GULLPÁLMANS OG LEIKSTJÓRA CACHE




**ATH: STRANGLEGA BÖNNUÐ INNAN 18 ÁRA OG ALLS EKKI FYRIR VIÐKÆMA**

„Napur og forkunnar yfirveguð úttekt á kvikmyndaofbeldi. Funny Games refsar áhorfendum fyrir sinn óendanlega blóðþorsta með því að gefa þeim allar þær ógeðslegustu misþyrmingar og limlestingar sem þeir geta mögulega óskað sér. Ansi sniðugur hrekkur hjá Haneke.“ - Scott Tobias, The Onion

Frumsýnd: **5. ágúst**

Hvar: **Háskólabíó**

Vertu í sambandi við Græna ljósið á FACEBOOK
**www.facebook.com/graenaljosid.is**

græna ljósið

## > Finnlandshópurinn opinberaður

Knattspyrnusamband Íslands heldur blaðamannafund í dag þar sem Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari kvennalandsliðsins, kynnir leikmannahóp sinn fyrir lokakeppni Evrópumótsins í Finnlandi. Alls verða 22 leikmenn valdir en sami hópur tekur þátt í leik gegn Serbíu í undankeppni HM 2011. Sá leikur fer fram á Laugardalsvelli, laugardaginn 15. ágúst. Það verður nóg að gerast í höfuðstöðvum KSÍ í dag því fyrir blaðamannafund kvennalandsliðs verður dregið í undanúrslit VISA-bikars karla þar sem Breiðablik, Fram, Keflavík og KR eru í pottinum.



sport

sport@frettabladid.is

**ARNAR DARRI PÉTURSSON:** LÉK FYRSTA LEIKINN MEÐ LYN OG VONAST TIL AÐ VERA Í MARKINU Á MÓTI LIVERPOOL

# *Ég er ekki að fara hleypa honum frítt í markið*

Arnar Darri Pétursson, 18 ára íslenskur markvörður sem er uppalinn hjá Stjörnunni, fékk í fyrrakvöld sitt fyrsta tækifæri í aðalliðinu í 2-2 jafntefli Lyn á móti Brann í norsku úrvalsdeildinni.

„Ég var búinn að undirbúa mig alla vikuna eins og ég væri að fara að spila. Ég sá það að þeir vildu láta mig spila," sagði Arnar Darri, sem fékk þó ekki að vita að hann yrði í markinu fyrr en á síðustu stundu. „Það voru eins erfiðar aðstæður og hægt var. Það var búið að rigna rosalega mikið og það voru pollar á vellinum," segir Arnar Darri sem var bara sáttur við leikinn.

„Þetta gekk mjög vel en ég fékk á mig tvö vafamörk. Ég hefði getað betur í marki sem var skorað á mig beint úr aukaspyrnu og í markmannshornið. Ég misskildi aðeins aðstæður. Þetta var algjört reynsluleysi. Ég er búinn að skoða þetta fram og til baka og veit alveg hvað ég átti að gera," segir Arnar Darri.

„Ég setti mér það markmið í byrjun ársins að ná því að spila allavega einn leik þegar ég væri orðinn átján ára. Ég er búinn að bæta mig þvílíkt mikið sem markmaður," segir Arnar.



Lyn hefur gengið í gegnum erfitt tímabil enda hefur slæm fjárhagsstaða liðsins þýtt að liðið hefur þurft að selja marga sterka leikmenn.

„Það er hægt að líta björtum augum á það að vera ungur maður í liði sem er að losa sig við alla gömlu karlana. Þetta er því frábært tækifæri fyrir mig," segir Arnar, en Lyn er núna búið að kaupa annan markmann. „Ég er ekki að fara hleypa honum frítt í markið," segir Arnar ákveðinn.

Lyn mætir enska úrvalsdeildarliðinu Liverpool í æfingaleik í kvöld en Arnar veit ekki hvort hann spilar. „Ég veit ekki hvort ég fæ að spila á móti Liverpool en ég ætla að hugsa jákvætt," segir Arnar en Lyn hefur lofað ungu strákunum að þeir fái að spreyta sig á móti stjörnunum í Liverpool „Þessi leikur verður sýndur um allan heim. Ég vona að það verði eitthvað fylgst með þessu heima ef ég fæ að spila. Liverpool verður með alla sína sterkustu menn og það verður skemmtilegt að sjá hvað gerist," segir Arnar Darri. Leikurinn verður í beinni á Stöð2 Sport 2 í kvöld.



**NÝLIÐI** Atli Viðar hefur leikið frábærlega með FH í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Atli Viðar Björnsson úr FH:

## Eini nýliðinn

**FÓTBOLTI** Atli Viðar Björnsson úr FH var valinn í landsliðshóp Íslands sem mætir Slóvakíu í vináttulandsleik á Laugardalsvelli þann 12. ágúst. Atli er markahæsti leikmaður Pepsi-deildarinnar en hann er eini nýliðinn í hópnum sem Ólafur Jóhannesson valdi.

**Markverðir:** Árni Gautur Arason (Odd Grenland), Gunnleifur Gunnleifsson (HK).

**Varnarmenn:** Hermann Hreiðarsson (Portsmouth), Indriði Sigurðsson (Viking), Kristján Örn Sigurðsson (Brann), Grétar Rafn Steinsson (Bolton), Ragnar Sigurðsson (Gautaborg), Sölvi Geir Ottesen (SönderjyskE).

**Miðjumenn:** Brynjar Björn Gunnarsson (Reading), Stefán Gíslason (Bröndby), Emil Hallfreðsson (Reggina), Aron Einar Gunnarsson (Coventry), Ólafur Ingi Skúlason (Helsingborg), Atli Viðar Björnsson (FH).

**Framherjar:** Eiður Smári Guðjohnsen (Barcelona), Heiðar Helguson (QPR), Arnór Smárason (Heerenveen), Garðar Jóhannsson (Fredrikstad). - egm



**ÓSKIN RÆTTIST** Alonso hafði lýst yfir vilja sínum til að fara í spænska stórliðið Real Madrid. NORDICPHOTOS/GETTY

Real Madrid heldur áfram:

## Alonso mættur til Madrídar

**FÓTBOLTI Real Madrid heldur áfram að versla og í gær komst félagið að samkomulagi við Liverpool um kaupverðið á spænska miðjumanninum Xabi Alonso. Hann mun gangast undir læknisskoðun í dag og í kjölfarið skrifa undir samning við spænska risaliðið.**

**Alonso er 27 ára og hefur verið í herbúðum Liverpool síðan 2004. Hann var á síðasta tímabili einn besti leikmaður liðsins. Kaupverðið er talið vera í kringum 30 milljónir punda en Real Madrid hefur eytt háum fjárhæðum í að styrkja sitt lið í sumar og ætlar greinilega ekki að fara í gegnum annað titlalaust tímabil.** - egm

# Gervigrasið hjálpar mörgum liðum

**Stjörnumenn hafa náð í 83 prósent stiga sinna í sumar á gervigrasi sínu og það má líka sjá stingandi tölur hjá þeim liðum í norsku, sænsku og finnsku úrvalsdeildinni sem spila heimaleiki sína á gervigrasi.**

**FÓTBOLTI** Stjörnumenn eru svo sannarlega með spútniklið sumarsins í Pepsi-deild karla en nýliðarnir úr Garðabæ eru nú í fimmta sæti deildarinnar eftir fyrstu fjórtán umferðirnar.

Það eru margir á því að Stjörnumenn hafi forskot með því að spila heimaleiki sína á gervigrasvelli. Tölfræðin styður það, enda hefur Stjörnuliðið náð í 19 af 23 stigum sínum á gervisgrasinu og aðeins náð í eitt stig utan þess frá því um miðjan maí.

Stjarnan hefur unnið 6 af 7 heimaleikjum sínum á gervigrasvellinum, þar af fimm þeirra með tveimur mörkum eða meira. Á meðan Stjörnumenn eru að skora 3,0 mörk að meðaltali á gervigrasinu er liðið aðeins að skora 1,7 mörk í leik á venjulegu grasi, þar af aðeins 1,0 mark að meðaltali í síðustu sex leikjum. Stjarnan er eina liðið í íslensku úrvalsdeildinni sem spilar heimaleiki sína á gervigrasi en liðið á sér nokkra kollega í norsku og sænsku deildinni. Það má sjá svipaðar tölur hjá þeim liðum.

Í Noregi leika 6 af 16 liðum heimaleiki sína á gervigrasi. Þetta eru liðin Odd Grenland, Stabæk, Tromsö, Aalesund, Stromsgodset og Bodö/Glimt. Alls hafa þessi lið náð í 69 prósent stiga sinna og 76 prósent sigranna á þessu tímabili á gervigrasinu sínu. Þessi lið eiga öll sameiginlegt að hafa unnið fjóra heimaleiki eða fleiri og engu þeirra hefur tekist að vinna fleiri en tvo útileiki. Þarna virðist ekki skipta máli að liðin raða sér í sæti 3 til 15 í norsku úrvalsdeildinni eins og staðan er í dag.

Stabæk er nýjasta liðið í þessum flokki en hinn nýi og glæsilegi leikvangur liðsins, Telenor Arena, er lagður gervigrasi. Stabæk vann norska meistaratitilinn í fyrra en í ár hefur liðinu ekki gengið alveg eins vel. Árangurinn á nýja gervigrasheimavellinum er svipaður í tölum en miklu mikilvægari þegar kemur að hlutfallslegri stigasöfnun. Í stað þess að taka 59 prósent stiga sinna á heimavelli á grasinu í fyrra hefur Stabæk-liðið náð í 68 prósent stiga sinna í sumar á gervigrasinu í Telenor Arena.

IF Elfsborg er eina liðið í sænsku úrvalsdeildinni sem spilar heimaleiki sína á gervigrasi. IF Elfsborg varð í 2. sæti í deildinni í fyrra og er sem stendur í 3. sæti í Allsvenskan á eftir Helsingborg og Kalmar. Í fyrra vann Elfsborg 13 af 15 heimaleikjum sínum, skoraði 63 prósent marka sinna og tók inn 63 prósent stiganna á Borås Arena sem er lagður gervigrasi. Markatalan var 31-2 á gervigrasinu en aðeins 18-16 á útivelli. Í ár hefur Elfsborg unnið 6 af 8 heimaleikjum sínum og fengið 61 prósent stiga sinna á heimavelli. Markatalan er 16-3 á gervigrasinu en 11-11 á útivelli.

Í Finnlandi spila þrjú lið á gervigrasi í úrvalsdeildinni, toppliðið HJK Helsinki og tvö neðstu liðin, RoPS Rovaniemi og KuPS Kuopio. HJK er með lægsta hlutfallið af öllum þessum „gervigras-liðum" en aðra sögu er að segja af botnliðunum tveimur en 19 af 21 stigi RoPS og KuPS hafa komið í hús á gervigrasinu þeirra. Bæði liðin eiga enn eftir að vinna leik á venjulegu grasi á þessu tímabili.

Það er því ekkert einsdæmi að gervigras reynist liði vel eins og það hefur gert hjá Stjörnumönnum í sumar. Gervigrasið kallar á öðruvísi fótbolta og lið sem æfa og keppa að jafnaði við þær aðstæður eru í betri stöðu að nýta sér þær gegn óvönum mótherjum.

ooj@frettabladid.is



**21 MARK Í 7 LEIKJUM** Stjörnumenn hafa fagnað mörgum mörkum á gervigrasinu sínu í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/XX

### STIG LIÐANNA Á GERVIGRASINU SÍNU 2009
**(HLUTFALL MARKA INNAN SVIGA)**

| | |
|---|---|
| **Ísland** | |
| Stjarnan | 83 prósent (64) |
| **Svíþjóð** | |
| IF Elfsborg | 61 prósent (59) |
| **Noregur** | |
| Odd Grenland | 64 prósent (62) |
| Stabæk | 68 prósent (71) |
| Tromsö | 64 prósent (48) |
| Aalesund | 65 prósent (57) |
| Stromsgodset | 90 prósent (76) |
| Bodö/Glimt | 70 prósent (52) |
| **Finnland** | |
| HJK Helsinki | 55 prósent (57) |
| RoPS Rovaniemi | 91 prósent (60) |
| KuPS Kuopio | 90 prósent (77) |

Þorsteinn Halldórsson stýrir Þrótti í fyrsta sinn í kvöld þegar liðið heimsækir Fjölni í Grafarvoginn:

# Ekki til nein töfrabrögð í fótboltanum

**FÓTBOLTI** Fyrir helgina var Þorsteinn Halldórsson ráðinn aðalþjálfari Þróttar í stað Gunnars Oddssonar. Þorsteinn var aðstoðarmaður Gunnars en stýrir Þrótturum út þessa leiktíð. Liðið heimsækir Fjölni í Pepsi-deildinni í kvöld og segir Þorsteinn að undirbúningur liðsins hafi verið í föstum skorðum þrátt fyrir verslunarmannahelgina.

„Undirbúningurinn var bara hefðbundinn og engin breyting gerð þó þetta hafi verið þessi helgi. Það voru ekkert nein öðruvísi frí, bara á laugardeginum og svo búið. Ég held að það sé bara liðinn tími í fótboltanum að gefa sérstök frí um þessa helgi," segir Þorsteinn sem hefur lagt áhersluna á að laga varnarleikinn síðan hann tók við.

„Þetta hafa verið hörkuleikir við Fjölni undanfarin ár og ég á ekki von á neinni breytingu á því núna. Við mætum bara tilbúnir í þetta, við höfum verið að stilla okkar strengi og skerpa á ákveðnum hlutum. Það gefur augaleið að eftir tvo síðustu leiki höfum við þurft að taka til í varnarleiknum."

Þróttur hefur fengið á sig 36 mörk í deildinni í sumar og því ekki vanþörf á að laga varnarleikinn. „Það er í grunninn sú vinna sem við höfum verið í þessa daga sem við höfum haft síðan ég tók við. Svo höfum við líka verið að vinna aðeins í kollinum á mönnum. Það hefur verið reynt að koma með nýjan vinkil á hlutina þó að það séu ekki til nein töfrabrögð í fótboltanum," segir Þorsteinn.

Grafarvogsliðið hefur breytt um mynd og áhersla þeirra á þéttan varnarleik verið mikil síðustu leiki eftir dapra byrjun á tímabilinu. „Fjölnismenn eru mjög agaðir og það er þeirra stærsti kostur. Þeir eru orðnir mjög skipulagðir varnarlega og skyndisóknirnar hafa verið að nýtast þeim ágætlega undanfarið," segir Þorsteinn.



**FYRSTI LEIKURINN** Þorsteinn Halldórsson þjálfari Þróttar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ekki má búast við stórum breytingum á byrjunarliði Þróttar í kvöld. „Það eru alltaf einhverjar tilfærslur en það eru engar stórar breytingar. Þetta er náttúrulega sami hópurinn og hefur þetta aðallega snúist um að skerpa menn og undirbúa þá undir þetta."

Þróttur situr á botni deildarinnar með átta stig en þar fyrir ofan eru Fjölnir og Grindavík með tólf stig. Það er því ljóst að leikurinn í kvöld er algjör sex stiga leikur. „Staða okkar í deildinni er þannig að við þurfum að fara að vinna leiki. Það skiptir miklu máli að missa ekki frá okkur liðin sem eru rétt fyrir ofan okkur. Þetta snýst um að safna stigum," segir Þorsteinn Halldórsson. - egm



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > Jo Frost

„Ef börn hafa ekkert reglu-verk til að styðjast við þá búa þau til sínar eigin reglur og venjast þeirri neikvæðu athygli sem þau fá.“

***Ofurfóstran Frost sýnir hvernig á að haga upp-eldi barna í þættinum Supernanny sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 20.10.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ALMA GUÐMUNDSDÓTTIR ER DOTTIN Í „SO YOU THINK YOU CAN DANCE?“

## *Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna*

Í gær tók ég kvöldið sérstaklega frá til að horfa á So You Think You Can Dance? á Stöð 2. Þrátt fyrir að vera mikil áhugamanneskja um dans hef ég ekki fylgst almennilega með þættinum fyrr en núna. Ég verð að viðurkenna að þegar ég heyrði fyrst af þættinum var ég hrædd um að hann yrði ekki sýndur lengi hér á Íslandi. Ástæðan var einfaldlega sú að ég taldi hann vera of sérhæfðan fyrir svo fámenna þjóð, þar sem dansheimurinn er tiltölulega lítill. Sem betur fer skjátlaðist mér, því það kom fljótt í ljós að áhuginn er svo sannarlega fyrir hendi og til marks um hversu breiðir áhorf-endahópurinn virðist vera veit ég um heimilisfeður sem mega ekki missa úr eitt mánudagskvöld.



Í þættinum eru dansararnir paraðir saman og látnir læra mismunandi tegundir af dansi í hverri viku með hjálp höfundanna. Á bak við hvern dans er saga sem oft er tjáð á áhrifamikinn hátt af dönsurunum, líkt og nútímadans um brjóstakrabbamein sem sýndur var fyrr í seríunni og var vægast sagt eftirminnilegur. Tónlistin og búningarnir spila ekki síður stórt hlutverk í heildarútkomunni.

Þegar öllu er á botninn hvolft er það hin mesta skemmtun að sjá hvernig dönsurunum reiðir af þegar þeir takast á við ný og krefjandi verk í hverri viku og dansstíl sem þeir hafa jafnvel enga reynslu af. Þá skiptir engu máli hvort áhorfendur hafa reynslu af dansi eða kunnáttu í faginu, því atriðin eru hin mesta skemmtun og hver og einn getur dæmt hvort honum finnst vel til takast hverju sinni. Dómararnir eru svo þeir sem koma með punkta um tæknileg atriði sem hefðu betur mátt fara, en hinn almenni áhorfandi þarf ekki að hafa sérstakar áhyggjur af því, heldur einungis að gera upp hug sinn um hvaða dansara hann heldur mest upp á og njóta skemmtunarinnar.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **19.00** Fjölnir – Þróttur, beint STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.45** Two and a Half Men STÖÐ 2



▶ **20.30** Monitor SKJÁREINN



▶ **21.10** Kingdom SJÓNVARPIÐ



▶ **21.40** Little Britain STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Heimsmeistaramót íslenska hestsins** (e)
**16.05 Út og suður** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Púkka** (19:26)
**17.55 Gurra grís** (98:104)
**18.00 Disneystundin** Gló magnaða, Sígildar teiknimyndir og Nýi skólinn keisarans.
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Ljóta Betty** (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð.
**20.50 EM stelpurnar okkar** (1:4)
▶**21.10 Kingdom lögmaður** (Kingdom II) (3:6) Breskur gamanmyndaflokkur. Aðalhlutverk: Stephen Fry, Hermione Norris, Celia Imre, Phyllida Law og Karl Davies.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Sögur frá Botsvana** Sænsk heimildarmynd þar sem farið er með skoska metsöluhöfundinum Alexander McCall Smith til Botsvana.
**23.20 Heimsmeistaramót íslenska hestsins** Stutt samantekt frá keppni á heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Sviss.
**23.35 Mótókross** Þáttur um Íslandsmótið í mótókrossi sem er torfærukappakstur á vélhjólum.
**00.05 Kastljós** (e)
**00.35 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 An Inconvenient Truth**
**10.00 Home Alone**
**12.00 Flicka**
**14.00 Prime**
**16.00 An Inconvenient Truth**
**18.00 Home Alone**
**20.00 Bad Medicine** Gamanmynd um námsmann sem fær inni í læknaskóla í Suður-Ameríku þar sem skólinn og starfslið hans er ákaflega óvenjulegt.
**22.00 Miami Vice**
**00.10 Flags of Our Fathers**
**02.20 Blow Out**
**04.05 Miami Vice**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Könnuðurinn Dóra, Stóra teiknimyndastundin og Bratz.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (3:25)
**10.00 Doctors** (4:25)
**10.35 Tekinn 2** (5:14)
**11.05 Gilmore Girls**
**11.50 Gossip Girl** (20:25)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hollyoaks** (248:260)
**13.25 Creature Comforts**
**13.50 The Loop** (1:10)
**14.15 E.R.** (2:22)
**15.00 The O.C. 2** (7:24)
**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ben 10, Stóra teiknimyndastundin og Dynkur smáeðla.
**17.08 Nágrannar**
**17.33 Bold and the Beautiful**
**17.58 Friends** (15:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons**
▶**19.45 Two and a Half Men** (18:24) Alan lendir í fjárhagserfiðleikum þegar hann neyðist til að borga reikningana fyrir kærustuna.
**20.10 Supernanny** (1:20) Ofurfóstran Jo Frost er mætt aftur og ætlar að kenna ungu og ráðþrota fólki að ala upp og aga litla og óferjandi ólátabelgi.
**20.55 The Summit** Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar.
**22.25 Monarch Cove** (8:14) Ung kona snýr aftur til heimabæjar síns, Monarch Cove.
**23.10 Sex and the City** (18:18)
**23.40 In Treatment** (12:43)
**00.10 Eleventh Hour** (3:18)
**00.55 E.R.** (2:22)
**01.40 Sjáðu**
**02.10 Sympathy For Mr. Vengeance**
**04.10 Supernanny** (1:20)
**04.55 The Simpsons**
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**15.55 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.
**16.25 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.
**17.20 Sumarmótin 2009** Sýnt frá Rey-Cup mótinu en þangað mættu til leiks fjöldi drengja og stúlkna á öllum aldri.
**18.00 Pepsímörkin 2009** Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðarinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.
▶**19.00 Fjölnir - Þróttur** Bein útsending frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
**21.15 Meistaradeildin - Gullleikir** AC Milan - Barcelona 1994.
**23.00 The Harlem Globetrotters** Þáttur sem gerður var um þetta fræga körfuboltalið sem ferðast um heiminn og sýnir listir sínar.
**23.55 Fjölnir - Þróttur** Útsending frá leik í Pepsí-deild karla.
**01.45 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.
**04.54 Fjölnir - Þróttur** Útsending frá leik í Pepsí-deild karla.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.55 Lyn - Liverpool** Bein útsending frá vináttuleik sem fer fram í Noregi.
**18.55 Premier League World 2009/10** Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.
**19.25 Goals of the Season 2007** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**20.20 PL Classic Matches** Liverpool - Chelsea, 1997. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**20.50 Lyn - Liverpool** Útsending frá leik sem fór fram í Noregi.
**22.30 Chelsea - Bolton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.35 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.20 Style Her Famous** (14:20) (e)
**18.50 Design Star** (2:9) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna snilli sína. (e)
**19.40 Psych** (7:16) Bandarísk gamanþáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál. (e)
▶**20.30 Monitor** (7:8) Skemmtiþáttur fyrir ungt fólk sem unninn er af tímaritinu Monitor. Kynnir þáttarins er Erna Bergmann.
**21.00 Britain's Next Top Model** (6:10) Núna þurfa stúlkurnar að leika í tónlistarmyndbandi en ein þeirra er ekki ánægð með fötin sem hún þarf að klæðast. Móðureðli stúlknanna skín í gegn í myndatökunni og að því loknu halda stúlkurnar afmælisveislu þar sem ein bregður á leik í hlutverki strippara.
**21.50 How to Look Good Naked** (6:8) Carson Kressley hjálpar konum með lítið sjálfsálit að hætta að hata líkama sinn og læra að elska lögulegar línurnar.
**22.40 Penn & Teller: Bullshit** (35:59) Penn & Teller leita sannleikans en takmark þeirra er að afhjúpa svikahrappa og lygalaupa með öllum tiltækum ráðum.
**23.10 Law & Order: Criminal Intent** (11:22). (e)
**00.00 CSI** (14:24) (e)
**00.40 The Dudesons** (4:8) (e)
**01.10 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Borgarlíf** Marta Guðjónsdóttir ræðir um málefni borgarinnar.
**20.30 Íslands safarí** Akeem R. Oppang ræðir er um málefni innflytjenda á Íslandi. (e)
**21.00 Reykjavík – Akureyri – Reykjavík** Seinni hluti. Opinber heimsókn ÍNN í höfuðstað Norðurlands. Umsjón Árni Árnason og Snorri Bjarnvin Jónsson. (e)
**21.30 Eldað Íslenskt** Matreiðsluþáttur með íslenskar búvörur í öndvegi.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.55

**The Summit**



Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar. Stórt lyfjafyrirtæki hylmir yfir vísindatilraun sem fer skelfilega úrskeiðis með því að myrða þá sem gætu komið upp um þá. Til að hefna dauða sonar síns ákveður kona ein að koma af stað faraldri sem enginn sér fyrir endann á og setur því gjörvallt mannkynið í stórhættu. Aðalhlutverk: Bruce Greenwood, James Purefoy og Rachelle Lefevre.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### How to Look Good Naked

**SkjárEinn kl. 21.50**

Bandarísk þáttaröð þar sem tískulöggan Carson Kressley úr Queer Eye hjálpar konum með lítið sjálfsálit að hætta að fyrirlíta líkama sinn og læra að meta lögulegar línurnar. Í þættinum í kvöld aðstoðar Carson einstæða móður sem er nýorðin fertug og finnst sem hún hafi glatað æskufegurðinni.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunfrúin
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Söngvamál
**15.03** Útvarpssagan: Ljósið í vatninu
**15.25** Með flugu í höfðinu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Í búðinni Brynju
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Syndin er lævís og lipur
**22.45** Kvöldtónar
**23.10** Vistaskipti
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (247:260)
**17.15 Hollyoaks** (248:260)
**17.40 X-Files** (23:24) Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.
**18.25 Seinfeld** (15:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur.
**18.45 Hollyoaks** (247:260)
**19.15 Hollyoaks** (248:260)
**19.40 X-Files** (23:24)
**20.25 Seinfeld** (15:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.20 Ísland í dag**
▶**21.40 Little Britain** (1:6) Stöð 2 rifjar nú upp þættina sem slógu svo rækilega í gegn með þeim félögum Matt Lucas og David Walliams. Þar komumst við fyrst í kynni við furðuverur á borð við eina hommann í þorpinu og náunganna í hjólastólnum - sem þarf alls ekkert á hjólastól að halda.
**22.10 Bones** (22:26) Dr. Temperance „Bones“ Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í flóknum morðmálum. Brennan og rannsóknarlögreglumaðurinn Booth vinna vel saman en spennan milli þeirra hefur verið að magnast allt frá upphafi þáttanna og stóra spurningin verið sú hvort þau verði einhvern tíma par.
**22.55 My Name Is Earl** (19:22)
**23.20 Sjáðu**
**23.50 Fréttir Stöðvar 2**
**00.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.00** Only Fools and Horses **10.30** Absolutely Fabulous **11.00** Only Fools and Horses **11.30** Absolutely Fabulous **12.00** My Hero **12.30** After You've Gone **13.00** Only Fools and Horses **13.30** Absolutely Fabulous **14.00** The Weakest Link **14.45** My Hero **15.15** After You've Gone **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Absolutely Fabulous **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** My Hero **18.30** After You've Gone **19.00** Coupling **19.30** The Black Adder **20.05** Dalziel and Pascoe **20.55** Coupling **21.25** The Black Adder **22.00** EastEnders **22.30** The Weakest Link **23.15** Dalziel and Pascoe

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Aftenshowet med Vejret **10.40** Onskehaven **11.10** Så for sommer **11.40** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Hovdingebold **14.05** Lucky Luke **14.30** Naruto **14.55** Den lyserode panter **15.00** Ninja Turtles **15.20** Oggy og kakerlakkerne **15.30** PLING BING **16.00** Supernabo **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Kær på tur **18.00** Soren Ryge præsenterer **18.30** Politiskolen **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Elizabeth I **21.20** OBS **21.25** Onsdags Lotto **21.30** Höök **22.30** Seinfeld

## NRK 1

**15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Olivia **16.10** Didrik og Dorte **16.20** Postmann Pat - Spesialpakkeservice **16.37** Leon **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Millionær i forkledning **18.20** Hege & Holmen **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** Sporlost forsvunnet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Landsskytterstevnet **21.35** Blod og ære **22.55** Skilt! **23.25** Du skal hore mye jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Stora Dimun på Färöarna **10.35** Kräfträtt gourmet **12.35** 4.50 från Paddington **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Hedebyborna **15.50** Skepnaderna anfaller **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** AnneMat **16.45** 100 procent bonde **17.15** Så såg vi sommaren då **17.30** Rapport **17.50** Regionala nyheter **18.00** Hatten av **18.55** Anslagstavlan **19.00** Hunter **20.00** Mördare okänd **21.40** Himmelblå **22.25** Sändningar från SVT24




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Mér finnst æðislegt að fá mér sushi í hádeginu með stelpunum og þá verða oftast Iðuhúsið eða Sushi-barinn fyrir valinu. Matseðillinn á Vegamótum klikkar heldur aldrei. Þar er næstum allt gott og stemningin eftir því - úti í sólinni eða inni við kertaljós og kósýheit.“*

Íris Hauksdóttir, meistaranemi í bókmenntafræði.

# Guðmundur heim með SHUNT-sýningu

„Já, ég er að koma heim með verkið The Destruction of Experience: Klamms Dream til að taka þátt í artFart-leiklistarhátíðinni,“ segir leikarinn snjalli, Guðmundur Ingi Þorvaldsson, en hann hefur upp á síðkastið lifað og hrærst í listinni í London.

Guðmundur Ingi hefur verið við nám og störf í heimsborginni að undanförnu og var meðal annars að leika í SHUNT-leikhúsinu fræga – sem er rómað fyrir frammúrstefnulegar uppfærslur – sýningu sem íslenskum leikhúsáhugamönnum gefst nú kostur á að berja augum. „Við munum sýna það í Batteríinu, nýju leikhúsrými sem er fyrir ofan Organ sáluga 12., 13. og 14. ágúst. Heimkoman er styrkt af Reykjavíkurborg.“ Leikstjóri sýningarinnar er meðal þekktustu leikhúsmanna í leiklistarbransanum, Mischa Twitchin. Hann mun í tengslum við þessa sýningu halda fyrirlestur 14. ágúst og svara spurningum undir yfirskriftinni „Is there any need to experiment?“ eða „er einhver þörf á tilraunastarfsemi?“ – og verður sá viðburður einnig í Batteríinu. Guðmundur Ingi lætur vel af sér, segir dvölina í London hafa verið draumi líkasta. Og aldrei að vita hvenær hann kemur heim. „Ég er að fara að leika stóra rullu, vonda kallinn, í sjónvarpsseríu hér úti 17. til 22. ágúst sem heitir „Tempting Fates“ fyrir Eye Film and Television Company. Stefnan er að hún verði sýnd hér ytra í október.“ **- jbg**



**GUÐMUNDUR INGI LIFIR DRAUMALÍFI** Íslenskum leikhúsáhugamönnum gefst nú færi á að sjá sýningu sem Guðmundur hefur leikið innan ramma SHUNT-hópsins og með honum í för er leikhúsgúrúið Mischa Twitchin. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**LÁRÉTT**
**2.** æsa, **6.** einnig, **8.** skammstöfun, **9.** lengdarmál, **11.** guð, **12.** erfiði, **14.** togleður, 16. leita að, 17. mas, **18.** pota, **20.** á fæti, **21.** lap.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hróss, **3.** tveir eins, **4.** verðgildi, **5.** keyra, **7.** tilgátu, **10.** traust, **13.** bókstafur, **15.** skál, **16.** sódi, **19.** bor.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** örva, **6.** og, **8.** rek, **9.** fet, **11.** ra, **12.** stræð, **14.** gúmmí, **16.** gá, **17.** mal, **18.** ota, **20.** tá, **21.** sull.
**LÓÐRÉTT: 1.** lofs, **3.** rr, **4.** verðmat, **5.** aka, **7.** getgátu, **10.** trú, **13.** emm, **15.** ílát, **16.** gos, **19.** al.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Gísli H. Friðgeirsson.
2. La Palma.
3. Fjórtán þúsund.

## JÓHANNES KR. KRISTJÁNSSON: Á AÐ VERA AÐ STINGA Á KÝLUM

# Pressa á Kompásmönnum

„Einn sem gekk hér hjá sagði: Þú átt ekki að vera að mála, Jóhannes, heldur stinga á kýlum. Jújú, vissulega finnum við fyrir miklum stuðningi, fólk vill okkur áfram og það er hvetjandi,“ segir Jóhannes Kr. Kristjánsson fréttamaður sem nú starfar við að mála hús.

Þung og vaxandi krafa er uppi um að fréttaþátturinn Kompás, sem var á dagskrá Stöðvar 2, og þá þeir Jóhannes og Kristinn Hrafnsson, láti til sín taka í blaðamennskunni. Nýlega var stofnuð Facebook-síða þar sem skorað er á yfirstjórn RÚV að ráða Kristin í „fullt óritskoðað starf til þess að fjalla um hrun íslensku bankanna. Þessa dagana er Kristinn í þriggja vikna afleysingum á RÚV.“

Ákall berst úr ólíklegustu áttum. Ingvi Hrafn Jónsson segir leitt að dugmiklum aðstandendum Kompáss skuli ekki hafa tekist að finna fjárhagsgrundvöll fyrir áframhaldi. „Við buðum Kompásmönnum endurgjaldslausa útsendingu og afnot af stúdíói, en höfðum því miður ekki bolmagn til frekari fjárhagslegs stuðnings,“ segir Ingvi Hrafn. Sjónvarpsstjarnan Egill Helgason vitnar í vin sinn Árna Snævarr: „Það er rétt hjá Árna að það er fagnaðarefni að fá Kristin Hrafnsson til starfa á RÚV. Kristinn er afar öflugur blaðamaður, óhræddur og réttsýnn.“

Á annarri Facebook-síðu hafa fimm þúsund manns lýst sig reiðubúna að leggja fram fé ef það má verða til að Kompás komist aftur á dagskrá. Hvað er að gerast? Kristinn Hrafnsson segir þetta endurspegla örvæntingarfullt ákall almennings um að hér sé rannsóknarblaðamennska efld. „Fólk er betur og betur að sjá að Ísland síðari ára hefur verið nákvæmlega eins og Byrgið var í höndum Guðmundar. Þar sem allt var í heljarböndum brenglaðrar ofsatrúar, blekkinga, misnotkunar og þjófnaðar. Fólk er að krefjast þess að lokinu verði lyft almennilega af þessari rotþró og ræst fram.“ Sennilega eru fá ef nokkur dæmi um svo almennar vinsældir blaðamanna. Kristinn segir þetta tvíbent, það sé oft hlutverk blaðamanna að vera í því hlutverki að segja frá einhverju sem er fólki til ama. „Og eiga helst fáa vini. Einn Pulitzer-verðlaunahafi sagði að það mætti meta gæði blaðamanna út frá því hversu fáir mættu við jarðarför þeirra. Þannig að þessi Fésbókarstuðningur er tvíbentur. En manni þykir vænt um þetta.“

**jakob@frettabladid.is**



**JÓHANNES KR. KRISTJÁNSSON Í MÁLNINGARGALLANUM** Segir það róandi og stresslosandi að mála - mála og hugsa um mál en þeir Kristinn hafa, frá því Kompás var lagður niður, verið að vinna að ýmsum málum utan dagskrár. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Pálmi Guðmundsson** og hans menn hjá Stöð 2 eru nú í óða önn að ganga frá komandi vetrardagskrá. Gengið hefur verið til samninga við Baltasar Kormák, sem hlýtur að teljast langumsvifamestur í hinum íslenska kvikmyndageira, um sýningar á Grafarþögn, sem er á teikniborðinu, og Sumarlandi Gríms Hákonarsonar, sem nú er í tökum en Baltasar framleiðir, auk myndar Baltasars Inhale sem enn hefur ekki verið frumsýnd. Þá mun Bjarnfreðarson einnig verða sýnd á Stöð 2.



Menn eru nú að gera upp verslunarmannahelgina sem virðist hafa tekist vel víðast hvar. Slegið var aðsóknarmet í Eyjum, 14 þúsund manns, en gamla metið er aldarfjórðungsgamalt eða frá því að Stuðmenn trylltu þjóðhátíðargesti. **Jakob Frímann** og Stuðmenn sýta það ekki, enda ánægðir með sig og sitt. Í Húsdýragarðinn mættu 11 þúsund manns þar sem Stuðmenn stigu á stokk sem gerir þá líklega að tekjuhæstu hljómsveit landsins þessa verslunarmannahelgina eins og svo oft áður – en ólíkt fleiri hljómsveitir voru um hituna í Eyjum.



KFUM og KFUK héldu velheppnaða hátíð um verslunarmannahelgina í Vatnaskógi og þar var það Björgvin Franz sem fór fremstur meðal jafningja í að halda uppi fjörinu. Gestir voru úr ýmsum áttum: **Arnar Gauti** tískulögga vakti athygli fyrir frjálslegt fas og klæðaburð: í hvítum stutterma bol og hermannabuxum, og svo Pétur Ben. gítarsnillingur sem var útilegulegur mjög. **- jbg**



# Þjóðlegt kaffihús við höfnina

Víkin Safnkaffihús opnaði í Sjóminjasafni Reykjavíkur á Grandagarði fyrir stuttu, kaffihúsið leggur mikla áherslu á íslenskt meðlæti með kaffinu. Meðal þess góðgætis sem gestir geta gætt sér á eru kökur, heimalagað rúgbrauð með síld eða hangikjöti, pönnukökur og saltfiskbollur. „Kaffihúsið er tiltölulega nýopnað þannig það eru ekki margir sem vita af því ennþá. Við reynum að hafa matinn svolítið þjóðlegan og erum að tengja okkur við sjóinn, enda kaffihúsið hluti af sjóminjasafni,“ segir Nanna Guðmundsdóttir, starfsmaður Sjóminjasafns Reykjavíkur.

Innt eftir því hvort íslenskar kökur renni ljúflega ofan í ferðamennina segir hún svo vera. „Þeir eru mjög hrifnir af rabarbaratertu sem við erum með og sömuleiðis hangikjötinu, en fáir leggja í síldina.“

Kaffihúsið er opið alla daga vikunnar frá 11-17. **-sm**



**GOTT MEÐ KAFFINU** Á Víkinni er mikið lagt upp úr íslensku meðlæti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
LÚÐUSPRENGJA
AÐEINS 1790 kr/kg
tilboðið gildir í dag
opið mán-fös 10-18:15 og lau 11-14:00

512 50 50
Auglýsingasími
Mest lesið


SJÓNVARPSTILBOÐ
TOPP MERKI Á FRÁBÆRU VERÐI
3
100Hz
TOSHIBA
12"
Toshiba 37RV555DG
37" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p upplausn, stafrænum DVB-T móttakara, Full HD Progressive Scan, 100 Hz, 18.000:1 skerpu, 24 FPS, 3D Digital Comb Filter, Luma Sens, Game Mode fyrir leiki, 20w (RMS) Nicam Stereó SRS WOW, 3x HDMI, 2x Scart, Component, RGB, Audio, Optical Digital, Sub-woofer, heyrnatólsstengi ofl.
TILBOÐ 159.990
FULLT VERÐ kr. 249.990
Toshiba SDP120AKTE
12" LCD BREIÐTJALD með innbyggðum DVD spilara sem spilar MP3, WMA, DivX, JPEG, kortalesara (SD/MMC/MS), Analog TV móttakara, Virtual Audio Surround hátölurum, AV, HDMI, Component, Optical og heyrnartólstengi ofl. 3ja tíma rafhlaða.
TILBOÐ 39.990
FULLT VERÐ kr. 49.990
19"
DVD
TOSHIBA
INNBYGGÐUR DVD SPILARI
Toshiba 19DV555DG
19" LCD Sjónvarp með innbyggðum DVD spilara, HD-READY, 1440x900 punkta upplausn, stafrænum DVB-T móttakara, HD-Ready, HDMI, Component, Composite & Scart, Digital Coaxial, CF, heyrnatólstengi ofl.
TILBOÐ 79.990
FULLT VERÐ kr. 94.990
26"
Toshiba 26AV605PG
TOSHIBA
26" Active Vision LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta upplausn, HD-Ready 720p, Digital Noise Reduction, 10w RMS Nicam Stereó Bass Boost, 2x HDMI, 2x Scart, Component, Composite & Audio, PC (VGA), S-Video og heyrnatólstengi ofl
TILBOÐ 99.990
FULLT VERÐ kr. 124.990
32"
Toshiba 32AV500PG
TOSHIBA
32" Active Vision LCD BREIÐTJALD með 1366x768 upplausn, Progressive Scan, 20.000:1 dýnamískri skerpu, Active Vision LCD, 2x Scart, 2x HDMI, Component & Composite, Audio-in, heyrnatólstengi ofl.
TILBOÐ 119.990
FULLT VERÐ kr. 139.990
32"
JVC LT32DY8
DynaPiX JVC
32" DynaPix LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p. uppl., DynaPix, HD Ready, 1.200:1 skerpu, 8ms svartíma, Digital Comb Filter, innb. DVB-T mótt., 24w Nicam Stereó með 3D Cinema Sound, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, CVBS, VGA, heyrnartólstengi, textavarpi ofl.
TILBOÐ 129.990
FULLT VERÐ kr. 159.990
42"
Vreal4
100Hz
Panasonic TXP42C10
Panasonic
42" Vreal 4 Plasma BREIÐTJALD með 1024x768 punkta uppl., 100Hz, 24p Playback, x.v Colour, Real Black Drive 20.000:1 skerpu, 3D Colour, Sub Pixel Control, HD Ready, Viera Link, háskerpu DVB-T stafr. móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesara, 2 x Scart (með RGB), 2 HDMI (1.3), Component, CI rauf, SVHS, CVBS ofl.
TILBOÐ 229.990
FULLT VERÐ kr. 249.990
42"
SUPER SLIM OFURÞUNNT
JVC
MAXX Bass
DynaPiX
JVC LT42DS9
42" DynaPix Full HD LCD BREIÐTJALD Super-Slim (þykkt: 7,4 sm) með 1920x1080 punkta upplausn, HD Ready, 7.500:1 skerpu, innb. digital DVB-T mótt., 20w RMS MaxxBass Nicam Stereó, 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartt., textav. ofl.
TILBOÐ 279.990
FULLT VERÐ kr. 329.990
47"
FULL HD
PHILIPS
Philips 47PFL5604H
47" Full HD 1080p 16:9 LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, Pixel Plus HD, Dýnamískri 50000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB, VGA (PC) tölvutengi, 2x Scart, 3x HDMI & RCA, S-Video, S/PDIF, Audio L/R, Component, heyrnatólstengi ofl.
TILBOÐ 299.990
FULLT VERÐ kr. 379.990
4
FULL HD
JVC
DynaPiX
JVC LT47DV8BG
47" Full HD 1080p DynaPix HD og D.I.S.T. LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, 100Hz Clear Motion Drive II, HD Ready, 5.500:1 skerpu, innb. digital DVB-T mótt., 20w RMS MaxxBass Audio, 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS, VGA ofl.
TILBOÐ 349.990
FULLT VERÐ kr. 429.990
Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2009
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tæknirað, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

## Asnaskapur

Fyrir fimmtán árum var algengt að sjá asna sem og aðrar skepnur draga plóginn um akra hér í Zújar á Suður-Spáni. Fimmtán árum þar áður þótti asninn ómissandi hverjum manni sem átti einhvern jarðskika og flestir eiga jörð, meira að segja þorpsfíflið á hálfan hektara.

**NÚ** eru einungis fimm asnar í þorpinu og eru þeir eigandanum frekar byrði en nauðsyn. En bóndinn atarna gerir þetta ekki fyrir eintóman asnaskap því hann fær einhverjar evrur frá stjórnvöldum fyrir að viðhalda þessari skepnu sem á undir högg að sækja hér á Spáni líkt og annars staðar. Við búum nefnilega við þá sorglegu staðreynd að skepnur sem reynast ekki manninum vel eiga verulega erfitt uppdráttar.

**MAÐURINN** hefur náð slíku ofurvaldi á tilveru jarðar að þær skepnur sem ekki reynast þessum kóngi vel eru dæmdar úr leik. En áður en þær hverfa alveg fær mannfólkið samviskubit og borgar einhverjum sérvitringum, sem eru einnig í útrýmingarhættu í þessum gerilsneydda heimi, nokkrar krónur fyrir þá viðleitni að viðhalda stofninum.

**SKEPNAN** verður að vera góð á bragðið, gefa eitthvað ljúffengt af sér eða gera eitthvert gagn til að eiga tilverurétt. Eina gagnið sem má hafa af asnanum er að láta hann rogast með tól og tæki á strætum sem eru svo þröng að bíllinn kemst ekki um. Ekki er það nægilegt innlegg til að tryggja sig í sessi í heimi þar sem mannfólkið fer með völd.

**TIL** allrar hamingju nýtur nautaatið mikilla vinsælda hér syðra svo mikið gagn, gaman og fjármagn má hafa af nautunum sem annars væru í sömu hættu og asninn. Nautið er því búið að tryggja stöðu sína í tilverunni með því að gamna okkur mannfólkinu með dramatískum hætti.

**EN** þá veltir maður fyrir sér stöðu tvífætta asnans og spyr sig; hvernig stendur á því að honum fækkar ekki þó hann geri ekkert gagn og enginn hafi þörf fyrir hann? Ég hallast að þeirri skoðun að spurningin sé röng því að ólíkt þeim ferfætta hefur maðurinn feikilega þörf fyrir tvífætta asna. Alltént býr mannskepnan við kerfi sem byggir að miklu leyti á því að einhver kaupi heilan helling af rusli og trúi alls konar vitleysu.

**GÓÐAN DAG!**

**Í dag er miðvikudagurinn 5. ágúst 2009, 217. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.48 | 13.34 | 22.17 |
| Akureyri | 4.17 | 13.18 | 22.17 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


